

# LAND & SAGA

2013, 1. tölublað 7. árgangur



Sumarlandið

[www.landogsaga.is](http://www.landogsaga.is)





# LAND&SAGA

Sumarlandið 2013, 1. tölublað 7. árgangur

**Útgefandi**  
Icelandic Times Media ehf.  
Síðumúla 1, 108 Reykjavík  
Sími 578 5800  
info@landogsaga.is  
www.landogsaga.is

**Ritstjóri og framkv.stjóri**  
Einar Þorsteinsson  
einar@landogsaga.is

**Forsíðumynd**  
Við Arnarstapa á Snæfellsnesi:  
Kristján Ingi Einarsson

**Prentun**  
Landsprent

**Umbrot og Hönnun**  
Umbrotsteymi ITM

**Blaðamenn**  
Svava Jónsdóttir  
Súsanna Svavarsdóttir  
Steingerður Steinarsdóttir  
Sigrún Pétursdóttir  
Geir Guðsteinsson  
Nanna Hlín Halldórsdóttir  
Andrew Fortune

**Markaðs & Sölu**  
Anna Margrét Bjarnadóttir  
Delphine Briois

**Myndbandagerð**  
Gabriel Rutenberg

**Dreifing**  
Með helgarútgáfu  
Morgunblaðsins um allt land  
og víðar

Fjölbreytni og fagmennska í ferðaþjónustunni er stöðugt að aukast. Um allt land hefur fólk verið að vakna til vitundar um þau gleðilegu tímindi að þjónustu við ferðamenn er hægt að stunda hvar sem er. Þar sem áður voru átthaga-fjórta er nú tækifæri.

Sumarlandið, sérblað um ferðaþjónustu á Íslandi, kemur nú út 7. árið í röð og höfum við hjá Landi og Sögu haft einstakt útsýni yfir þróunina á seinustu árum. Hún hefur verið hröð og haft það í för með sér að Íslendingar eru að sjá möguleikana sem felast í sögu okkar og menningu. Víða er verið að byggja upp söfn sem gera grein fyrir sagna-arfinum, þjóðsögnum, orlagaríkum atburðum, náttúru landsins og lífríki, söfn sem eru ekki síður áhugaverð fyrir okkur sjálf en þá erlendu gesti sem sækja okkur heim.

Þegar ferðamaðurinn er annars vegar, skipta fjórir þættir meginmáli. Hann þarf að hafa náttstað, hann þarf að nærast, hann þarf að hafa eitthvað til að skoða og hann þarf að hafa eitthvað við að vera. Á seinustu árum hefur gisti-rýmum fjölgað til muna um allt land. Einnig veitinga- og kaffihúsum þar sem úrvalið er með íslensku og alþjóðlegu ívaði. Það sem er ánægjulegast við þróunina í veitingageiranum, er að menn vinna með stolti úr hráefni úr sínu héraði eftir föngum. Ferðaþjónustan er því ekki einskorðuð við þá sem standa í framlínunni. Hún breiðir úr sér og skapar þeim aukin verkefni sem vinna í undirstöðunni; þeim sem framleiða hráefnið.

Stundum er gott að fá kleinu með kaffinu, stundum er gott að gæða sér á soðnum þorski, en stundum er líka gott að geta

fengið sér belgíska vöflu, eða spænska fiskisúpu. Það eru þessir valkostir sem við viljum eiga þegar við ferðumst um landið. Það á að vera spennandi fyrir ferðamanninn að koma í nýtt hérað og finna hvað það hefur upp á að bjóða. Hvert hérað hefur sín sérkenni, sinn sagna- og menningararf, sitt náttúrufar, hvað þar er ræktað og alið. Þetta er fjársjóður sem íslensk ferðaþjónusta hefur til að byggja á og mjög víða er vandað til verka. Fagmennskan og góð þjónusta eykst með hverju árinu. Aðilar í ferðaþjónustunni hafa verið að átta sig á mikilvægi þess að þeir sem taka á móti ferðamönnum, geti veitt upplýsingar um svæðið sem farið er um – og ekki bara á íslensku, heldur líka á erlendu tungumáli.

Þróunin í ferðaþjónustunni er bæði hröð og ánægjuleg. *Gleðilegt ferðasumar!*

## » Áætlanuferðir sem og sérsníðnar ferðir

# Icelandic Guided Toures

Iceland Guided Tours, IGTours, hefur yfir að ráða flota smárúta sem taka tæplega 20 manns í sæti. Fyrirtækið býður upp á daglegar áætlanuferðir til hluta af vinsælustu ferðamannastaða á landinu og er enskumælandi leiðsögumaður með í hverri ferð.

Á meðal áfangastaða má nefna Gullna hringinn sem yfir 500.000 erlendir ferðamenn heimsækja árlega, þar með talið Gullfoss, Geysir, Þingvellir og Faxi.

Einnig eru eknar tvær vinsælar leiðir með fram suðurströnd landsins út að Vík í Mýrdal með stoppum á Sólheimajökli, Seljarlandsfossi, Skógarfossi, Reynisfjöru og við Dyrhólaey. Auk þess er önnur ferð farin alla leið út í Jökulsárlón með viðkomu í Skaftafelli auk

fossanna tveggja. Þá eru dagsferðir á Snæfellsnes þar sem er rýnt í þá þvilliku náttúrufegurð og dýralíf sem Snæfellsnesið hefur upp á að bjóða.


IGTours eru í samstarfi við ýmis önnur fyrirtæki sem m.a. bjóða upp á snjósleðaferðir, siglingar, hvalaskoðun og hestaferðir og köfun.

Þá sníða starfsmenn fyrirtækisins ferðir eftir þörfum hvers og eins sem geta t.d. verið vinnuþar, gæsa- eða steggjapartí og fyrirtækjahópar.

Leiðsögumennirnir koma hvaðanæva að úr heiminum en allir hafa það sammerkt að tala bæði sitt móðurmál og íslensku. Allir hafa þeir flengst á Íslandi vegna ástar á bæði landi og þjóð.

Þótt leiðsögumenn fyrirtækisins tali

[www.igtours.is](http://www.igtours.is) -SJ



# VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

## VELKOMIN Í VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐ!

Í sumar er boðið upp á fjölbreytta og áhugaverða dagskrá fyrir gesti Vatnajökulspjóðgarðs með áherslu á lifandi leiðsögn og persónulega upplifun af náttúru og umhverfi þjóðgarðsins.



### GESTASTOFUR

Gestastofur Vatnajökulspjóðgarðs eru upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar fyrir þjóðgarðinn og næsta nágrenni hans. Gestastofurnar eru jafnframt miðstöðvar fræðslu þar sem náttúra, menningu og sögu er miðlað til gesta í sýningum, fyrirlestrum og gönguferðum með landvörðum.

Gestastofur þjóðgarðsins eru: **SKAFTAFELLSSTOFA** í Skaftafelli, **SNÆFELLSSTOFA** á Skriðuklaustri, **GLJÚFRASTOFA** í Ásbyrgi og **GAMLABÚÐ** á Höfn.


Auk gestastofanna er yfir sumartímann starfrækt upplýsingastofa á **Kirkjubæjarklaustri**.

**UPPLIFDU ÆVINTÝRI Í VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐI Í SUMAR!**



Á vefnum [www.vjp.is](http://www.vjp.is) má finna allar helstu upplýsingar um Vatnajökulspjóðgarð





» Frábærir fiskréttir og hvalkjöt helsta einkenni staðarins

## Þrír frakkar

Veitingastaðurinn Þrír Frakkar var stofnaður 1. mars 1989 og hefur verið rekinn af fjölskyldu Úlfars Eysteinsonar, matreiðslumeistarara. Veitingastaðurinn er á Baldursgötu í Þingholtunum og er því í göngufæri við helstu verslanir og þjónustu í hjarta höfuðborgarinnar. Úlfar hefur ávallt sérhæft sig í fiskréttum og staðurinn helst þekktur fyrir það. Einnig er boðið upp á hvalkjöt, sjófugla og fleira. Staðurinn tekur 44 gesti í mat og sitja gestir nokkuð þétt sem gerir staðinn afar heimilislegan og jafnframt vinsælan.

„Þetta er fjölskyldufyrirtæki og góðar líkur á að starfsfólkið sem mætir gestinum sé skylt. Dóttir mín er þjónn, sonurinn kokkur og barnabörnin vaska upp og þjóna í veitingasalnum.“ segir Úlfar Eysteinson. „Við leggjum áherslu á ferskan fisk en hvalkjöt, svartfugl og lambakjötið sem einnig er á matseðlinum. Við leggjum mikið upp úr að hráefnið sé ávallt það besta sem býðst hverju sinni.“

Úlfar segist bjóða upp á hvalkjöt vegna þess að það er besta rauða kjöt sem býðst. Hreint kjöt, engin fita og fullt af omega-3 fitusýrum. Skiðishvalir hafa engar tennur og í holdi þeirra finnst ekkert

kvikasilfur sem eykur enn á hollustuna. Það er heldur ekki búíð að sprauta lyfjum í hvalkjötið vegna blóðkreppu eða Creutzfeldt-Jacob riðuveikinnar eða annara sjúkdóma og svo auðvitað ekkert penisilin. Um þetta er hins vegar lítið talað en er ein helsta ástæða þess að ég kys að bjóða áfram upp á þetta kjöt. Hvalkjöt var algengur réttur á borðum Íslendinga hér í eina tíð en heil kynslóð hefur ekki alist upp við þennan góða mat. Ástæðan er fyrst og fremst sú að hvalveiðar voru stöðvaðar

hér við land í 19 ár. Ég hef haldið hefðinni gangandi og kennt ungu fólki að meta þetta afbragðskjöt. Galdurinn er að steikja það ekki of lengi og passa að það sé alveg penisilin. Meyrara kjöt finnst ekki.“ Margt gleður augað á staðnum, m.a. fiskamyndir eftir franska listamanninn Auguste Mayer sem hingað kom með Paul Gaimard árið 1836 og ferðaðist um landið. Þarna geta erlendir gestir einnig séð hvernig steinbítur og lundi líta út áður en þeir eru matreiddir.

www.3frakkar.com -GG

» Varma

## Hlýtt & notalegt

Fyrirtækið Glófa sem framleiðir merkið Varma ættu flestir að kannast við enda margir sem hafa yljáð sér með aðstoð þessa stærsta framleiðanda þrjónavöru á Íslandi. Helstu framleiðsluvörur fyrirtækisins eru sokkar, vettlingar, húfur, hárbönd, treflar og sjól, ásamt alls kyns flíkum úr íslenskri ull, einkum slám, peysum og kápum. Hárbönd með áttafala rósamynstri og húfur úr ýföri ull ættu margir að þekkja en einnig býður Glófi vörur úr íslensku lambskinni.

Vorið 2012 var ný mökkavörulína sett á markaðinn, hönnuð af Siggu Heimis iðnhönnuði. Sigga lagði áherslu á að leyfa hráefninu og staðlaðri hönnun að njóta sín en kom m.a. með nýja og skemmtilega útfærslu á vörur eins og höfuðföt og lúffur. Einnig hannaði hún ver sem smeygja má utan um sessur gömlu eldhúskollanna, sem margir eiga í fórum sínum, og kemur sú hugmynd sérstaklega vel út. Kollana má til dæmis finna hjá Epal og í ATMO húsinu. Þess má geta að mökkavörur þykja afskaplega smart erlendis og hönnuðir eins og Karl Lagerfeld hafa unnið flíkur úr þessu náttúruvæna og hlýja skinni.

Annarhönnuður Laufey Jónasdóttir, er í samstarfi við Glófa, og er þrjónalínan Blik afkastur samstarfs þeirra, bæði fallega grafísk og stílhrein.

Blik samanstendur af sextán vélþrjónuðum flíkum og aukahlutum undir áhrifum frá þjóðsögunni um Þóruhólma sem fjallar í stórum

dráttum um mann sem sat að fiskidrátti og krækti sér í hafstúlku.

Glófi leggur áherslu á að þróa og nýta íslenska ull í hágæða íslenska vöru og vera

trú uppruna sínum, enda gæði íslensku ullarinnar og mökkaskinnins einstök.

www.varma.is -SP



# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó við kunnum kannski ekki viðfangsefnið í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við um hvað starfið snýst.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að mikilli reynslu á sviði orku og hefur viðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi og þörfum fyrirtækja í orkugeiranum. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

**Þekking sprettur af áhuga.**

Hjörtur Þór Steindórsson hefur margra ára reynslu á sviði orkumála, bæði innanlands og erlendis.

Hjörtur er viðskiptastjóri Orkuteymis Íslandsbanka.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000





» Bærinn í hrauninu

# Hafnarfjarðarbær

Ferðamaðurinn getur haft nóg að gera í Hafnarfirði þar sem sagan segir að álfar eigi margir hverjir bústaði. Bárufjórshúsin í gamla bænum heilla margan manninn og leggur bærinn áherslu á að varðveita þessar gömlu götumyndir. Austurgatan er ein af þeim götum sem eru svoflitið ævintýralegar - þar eiga húsin sér marga söguna. Oft hefur verið talað um þá sérstöku bæjarsál sem einkennir sjávarþorp á Íslandi og þótt Hafnarfjörður sé þriðja stærsta sveitarfélag landsins hefur tekist að varðveita, að hluta, þessa bæjarsál. Hafnarfirðingar eru stoltir af bænum

sínum og vilja að sjálfsgöðu fá til sín sem flesta gesti til að njóta alls þess sem bærinn hefur upp á að bjóða.

### Fritt í söfnin

Bærinn statar af söfnum sem eru í eigu bæjarins og er fritt inn á þau. Fyrst skal nefna Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, þar sem settar eru reglulega upp listsýningar. Þar eru einnig haldin myndlistarnámskeið og tónleikar og þar er rakin á sýningunni „Þannig var...“ og eru sagnfræðilegir textar, ljósmyndir, teikningar, kvikmyndir og ýmsir munir notaðir til að gera sýninguna ítarlega. Hvað leikfangasýninguna varðar þá má nefna að hið margverðlaunaða enska sýningarfyritæki Janvs Ltd. hannaði hana. Þemasýningarnar, sem eru í forsal Pakkhúsins, er ætlað að verpa ljósi á ákveðin tímabil eða atburði í sögu Hafnarfjarðarbæjar.

Næst má nefna Bungalowíð þar sem er sýning tengd tímabili erlendu útgerðanna í bænum á fyrri hluta 20. aldar auk þess sem þar má skoðastásetu stofu bræðranna Harry og Douglas Bookles sem bjuggu í húsinu. Gestir geta svo skoðað Góðtemplarahúsið sem er kallað Gúttó sem var fyrsta eiginlega samkomuhúsið Hafnarfirðinga og lengi vel menningarmiðstöð í bænum. Svo er það Beggubúð sem er versunarminjasafn byggðasafnsins.

sína í Hafnarborg, skoða sýningarnar og fá sér svo í svaginn.

Byggðasafnið er í nokkrum húsum í bænum og þar er sögunni gerð góð skil en fimm ár eru síðan Hafnarfjarðarbær fagnaði 100 ára afmæli sínu.

Þrjár sýningar eru í Pakkhúsinu; í fyrsta lagi er það fastasýning um sögu bæjarins, leikfangasýning og þemasýning. Saga bæjarins og nágrennis frá landnámi til dagsins í dag er rakin á sýningunni „Þannig var...“ og eru sagnfræðilegir textar, ljósmyndir, teikningar, kvikmyndir og ýmsir munir notaðir til að gera sýninguna ítarlega. Hvað leikfangasýninguna varðar þá má nefna að hið margverðlaunaða enska sýningarfyritæki Janvs Ltd. hannaði hana. Þemasýningarnar, sem eru í forsal Pakkhúsins, er ætlað að verpa ljósi á ákveðin tímabil eða atburði í sögu Hafnarfjarðarbæjar.

Næst má nefna Bungalowíð þar sem er sýning tengd tímabili erlendu útgerðanna í bænum á fyrri hluta 20. aldar auk þess sem þar má skoðastásetu stofu bræðranna Harry og Douglas Bookles sem bjuggu í húsinu. Gestir geta svo skoðað Góðtemplarahúsið sem er kallað Gúttó sem var fyrsta eiginlega samkomuhúsið Hafnarfirðinga og lengi vel menningarmiðstöð í bænum. Svo er það Beggubúð sem er versunarminjasafn byggðasafnsins.

Næst má nefna Bungalowíð þar sem er sýning tengd tímabili erlendu útgerðanna í bænum á fyrri hluta 20. aldar auk þess sem þar má skoðastásetu stofu bræðranna Harry og Douglas Bookles sem bjuggu í húsinu. Gestir geta svo skoðað Góðtemplarahúsið sem er kallað Gúttó sem var fyrsta eiginlega samkomuhúsið Hafnarfirðinga og lengi vel menningarmiðstöð í bænum. Svo er það Beggubúð sem er versunarminjasafn byggðasafnsins.

### Álfarnir í bænum

Hellisgerði er skróðgarður í Hafnarfirði þar sem bæði bæjarbúar og aðrir njóta fallega blóma og trjáa. Það er aldrei að vita nema þar leynist einhverjir álfar sem myndu heilsa upp á þá gesti



Sivertsenhús varpar ljósi á hvernig yfirstéttar fjölskylda bjó í byrjun 19. aldar auk þess sem gestir geta fræðst um sögu Bjarna Sivertsen og fjölskyldu hans en Bjarni rak útgerð, verslun og skipasmíðastöð í bænum. Húsið er elsta húsið í bænum en það var byggt á árunum 1803-1805.

Siggubær er sýnishorn af heimili verkamanns og sjómanns í bænum frá fyrri hluta 20. aldar en það var Erlendur Marteinsson sjómaður sem byggði húsið árið 1902. Dóttir hans hét Sigríður en hún flutti í húsið þegar hún var 10 ára og bjó þar þar til hún flutti á elli- og hjúkrunarheimili.

Ríkið rekur síðan í bænum Kvikmyndasafn Íslands sem sýnir kvikmyndir í Bæjarbíói.

### Álfarnir í bænum

Hellisgerði er skróðgarður í Hafnarfirði þar sem bæði bæjarbúar og aðrir njóta fallega blóma og trjáa. Það er aldrei að vita nema þar leynist einhverjir álfar sem myndu heilsa upp á þá gesti



sem skynja meira en almennt gengur og gerist. Álfagarður nefnist einmitt fyrirtæki sem er staðsett í Hellisgerði og er tilvalið að koma þar við og gægiast inn í litla, álfalega kaffihúsið. Reyndar eru tvö ferðapjónustufyrirtæki í Hafnarfirði tengd álfum. Það er annars vegar Álfagarðurinn og hins vegar Horft í hamarinn. Fyrirtækin bjóða upp á gönguferðir þar sem ferðir er á álfaslóðir og m.a. sagt frá álfunum.

### Háhitasvæði í nágrönninu

Náttúran er við bæjardyrnar og hefur bærinn séð um að skipuleggja göngu- og hjólréiðastíga á fallegum stöðum. Bærinn gefur árlega út ratleik sem byggist á því að viðkomandi þarf að finna spjöld úti í náttúrunni og stuðlar því að hollri og góðri hreyfingu. Sumir taka þetta í nokkrum hollum - nota kannski nokkra daga til að klára leikinn. Það þarf að ganga töluvert og hafa svolítið fyrir þessu.

Krísuvík er í eigu Hafnarfjarðarbæjar og þangað kemur fjöldi ferðamanna ár hvert. Upplýsingaskilti hafa verið sett upp sem og salernisaðstaða og þar er landvörður á vegum Reykjanesfólksvangs. Breytingar verða reglulega á háhitasvæðinu í Seltúni og því verður að huga vel að göngustígum á hverju ári.

Tvö hótél eru í Hafnarfirði, Fjörúkráin og Hótel Hafnarfjörður, auk smærri gististaða og falllegs tjaldstæðis á Vöðustaðatúni. Þá laða Íshestar fjöldann allan af gestum til sín enda segja margir að best sé að njóta landsins og náttúrunnar á hestbaki.



# VARMA


## Tímalaus glur

	<p>VÖRURNAR FRÁ VARMA ERU HÁGÆÐA ULLARVÖRUR. Í FRAMLEIÐSLUFERLINU ER LÖGÐ SÉRSTÖK ÁHERSLA Á ÍSLENSKA FRAMLEIÐSLU OG ÍSLENSKT HRAEFNI</p>									

Útsöluastaðir Varma eru: Helstu ferðamannaverslanir, Hagkaup, Ellingsen, Penninn-Eymundsson, Geysir shop og Bláa Lónið







Jarðhitasvæði á Íslandi.

» Jarðhiti, vatnsafl og innflutt eldsneyti

# Orkubúskapur Íslendinga

Orkubúskapur Íslendinga byggist á jarðhita, vatnsafl og innfluttu eldsneyti. Orkunotkun á hvern íbúa hér á landi er með því mesta sem þekkist og hlutfall endurnýjanlegrar orku er hærra en hjá öðrum þjóðum. Hluttur innlendra orkulinda hefur aukist mikið á undanförunum áratugum og hefur hlutfall innlendra orku aldrei verið hærra. Árið 2011 voru um 86% af heildarorkunotkun hér á landi innlend og kom frá endurnýjanlegum orkulindum. Nýting jarðhita er stærsti hluti af heildarorkunotkun eða um 67% og munar þar mestu um hitaveitu til húshitunar. Vatnsafl er um 19% og afgangurinn, um 14% kemur frá innfluttum orkugjöfum. Hjörtur Þór Steindórsson, viðskiptastjóri orkumála hjá Íslandsbanka, segir að árið 2011 hafi raforkuvinnsla hér á landi verið um 17.210 GWst og er Ísland í þrettánda sæti miðað við aðrar Evrópuþjóðir þegar kemur að heildar raforkuframléiðslu úr endurnýjanlegum auðlindum. Hjörtur Þór segir að Ísland sé hins vegar með langmestu endurnýjanlegu raforkunotkunina í heiminum ef miðað er við höfðatölu (53,9 MWst/íbúa).

- *Hverjir eru helstir þessir innlendu orkugjafir, Hjörtur Þór?*  
„Þetta eru vatnsafl og jarðhitinn. Landið okkar er blessað með miklum orkulindum sem við höfum nýtt okkur á undanförunum

árum og áratugum. Til að mynda gleymist oft hve einstakt það er að geta nýtt jarðhitann til húshitunar miðað við að nota t.d olíu eða kol. Svo ég tali nú ekki um gjaldeyrissparnað vegna þessa, sem hefur verið áætlaður um 60-80 milljarðar á ári.“

## Tækifæri í sérþekkingu Íslendinga

Mörg tækifæri eru fyrir Íslendinga tengd orkugeiranum, bæði innanlands og erlendis. Innanlands eru helst tækifærin í tengslum við virkjun rafmagns frá endurnýjanlegum orkugjöfum og hugsanlega uppbyggingu á Drekasvæðinu.

„Mörg tækifæri liggja einnig erlendis fyrir t.d. verkfræði- og þjónustufyrirtækin. Sem dæmi má nefna að nú þegar eru spennandi verkefni í löndum eins og Ungverjalandi, Chile, Kenía, Eþíópíu, Nýja-Sjálandi, Grænlandi, Noregi og á fleiri stöðum. Þessi verkefni eru fjölbreytt og eru flest öll tilkomin vegna tengslanets eða orðspors fyrirtækjanna sem þau hafa skapað sér í öðrum sambærilegum verkefnum. Þessi verkefni eru allt frá því að vera ráðgjöf, rannsóknir og eftirlit á sviði jarðhita yfir í að bora jarðhitaholur og byggja mannvirki. Dýrmæt reynsla hefur myndast á frekar stuttum tíma í verkfræði- og

þjónustufyrirtækjum innanlands vegna uppbyggingarinnar sem átti sér stað hér á landi, þessa sérþekkingu hafa fyrirtækin nýtt erlendis og fengið lof fyrir.“

## Endurskoðunarákvæði viðheldur óvissu

- *Hvað ber helst að gefa gaum í nýlega samþykktu rammaáætlun?*

„Markmið rammaáætlunar var og er göfugt og gott en mikil umræða hefur skapað út af vinnubrögðum tengdum rammaáætlun eftir að faghópar skildu sínum niðurstöðum til ráðherra. Nokkrir virkjanakostir færðust á milli flokka undir þeim forsendum að frekari rannsókn þyrfti að afla fyrir þau svæði þó svo að á sumum svæðum lægju fyrir áralangar rannsóknir. Það sem skýtur einnig skökku við er að samkvæmt þessu mun ráðherra endurskoða rammaáætlun á fjögurra ára fresti sem orsakar það að þessi áætlun er í eðli sínu til skamms tíma og eyðir mun minni óvissu til framtíðar ólíkt því sem upphaflega var lagt upp með. Framkvæmdir af þessum toga taka langan tíma í undirbúningi og framkvæmd og krefjast mikilla fjárfestinga. Við þurfum að setja skýrari

línur til framtíðar í virkjanamálum. Það væri ákjósanlegt fyrir framkvæmdaraðila að geta séð lengra fram í tímann, t.d. 10-15 ár með meiri vissu en nú er fyrir hendi. Af þessum sökum viðheldur þetta endurskoðunarákvæði óvissu fyrir þau fyrirtæki sem hyggja á framkvæmdir með tilheyrandi auka kostnaði.

Annað sem vekur eftirtekt í rammaáætluninni er að af þeim 16 svæðum sem samþykkt voru í nýtingarflokk eru einungis tvær vatnsaflsvirkjanir, restin eru jarðvarmavirkjanir.“

## Rúmlega 250 milljarða króna fjárfestingarþörf

„Miðað við hvernig rammaáætlun var afgreidd í þinginu, þá gerum við ráð fyrir að fjárfestingarþörf vegna þeirra framkvæmda sem eru í nýtingarflokk og orkufyrirtækin stefna á að ráðast í framkvæmdir á næstu árum sé meira en 250 milljarðar króna. Það er hins vegar alveg ljóst að ekki verður farið í þessar framkvæmdir í bráð eða á sama tíma.“

Hjörtur Þór segir að mörg ljón standi enn í veginum, t.d. þarf að finna sterka kaupendur rafmagnsins sem sé auðvitað líkilatriði. Þar að auki, þá þarf að skapa stótt um þessar framkvæmdir og orkusölu. Það þarf auðvitað ekki að virkja meira fyrir heimilin í landinu. Allar framtíðarframkvæmdir verða til þess fallnar að selja raforku til stóriðju og því er áhugavert að spyrja hvort að vert sé að gera það á vegum opinberra fyrirtækja á nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Íslandsbanki hefur ákveðið að vera í fararbroddi þegar kemur að uppbyggingu íslenska orkugeirans, enda mikil og fjölbreytt tækifæri framundan.

## Íslandsbanki tilbúinn í framtíðina

Íslandsbanki og forverar hans hafa á undanförunum árum haslað sér völl á sviði endurnýjanlegrar orku og umhverfisvænna orkugjafa. Á þessu sviði byggir bankinn á áralangri reynslu og þekkingu Íslendinga á nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Íslandsbanki hefur ákveðið að vera í fararbroddi þegar kemur að uppbyggingu íslenska orkugeirans, enda mikil og fjölbreytt tækifæri framundan.

„Eins og mörgum er kunnugt er Ísland í sérstöðu þegar horft er til endurnýjanlegrar orku og möguleikarnir miklir. Íslendingar hafa nýtt sér þá þekkingu sem hér hefur myndast samfara uppbyggingu innlendra orkugeirans til að afla verkefna erlendis. Þar að auki hafa myndast ný tækifæri eins og með hugsanlegri lagningu sæstrengs til Evrópu og olíuvinnsla á Drekasvæðinu og þjónusta því tengd.“

Bankinn hefur verið að skoða hvaða efnahagslegu áhrif sú þróun sem hefur átt sér stað á norðurlöndum mun hafa á Ísland, þ.m.t. Drekasvæði og einnig tækifæri tengd Grænlandi. Til þess að tryggja afburðarþjónustu við þennan geira hefur verið myndadur hópur sérfræðinga innan bankans sem samanstendur af starfsfólki með áralanga reynslu í fjármálaáhrifum og orkumálum. Þá hefur bankinn staðið fyrir útgáfu á skýrslum um orkumarkaðinn bæði hér heima og í völdum löndum erlendis.“

## Íslenski jarðvarmaklasinn slítur barnsskónum

- *Eru aukin tækifæri í orkugeiranum í náinni framtíð?*

Hjörtur Þór Steindórsson segir að Jarðvarmaklasinn sé áhuga-vert verkefni og vinna sem Íslandsbanki hefur verið með í frá upphafi. Iceland Geothermal, er fyrirtækjadrifin klasasamstarf sem hófst í júní árið 2011 og hefur nýverið verið framlengt með stofnun félags í kringum samstarfið. Með í þessu nýja félagi eru 43 fyrirtæki, félagsamtök og stofnanir á landinu og þeim mun örugglega fara fjölgandi á næstu vikum og mánuðum en öllum sem vilja vinna að markmiðum félagsins er frjálst að gerast aðili að því.

Tilgangur klasasamstarfsins er að tengja saman ólíka klasaaðila, fyrirtæki og stjórnvöld og stuðla að nýsköpun í jarðvarmatækni, þar með talið þróun nýrra vara. Samstarfið á einnig að stuðla að bættri samkeppnishæfni jarðvarmaklasans og þar með Íslands, auka verðmæti afurða og þjónustu í jarðvarma og efla núverandi fyrirtæki í jarðvarmanýtingu. Vonast er til að samstarfið muni stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja á sviði jarðvarma, laða að innlenda og erlenda fjárfestingu og stuðla að útflutningi á þjónustu og framleiðslu sem tengist jarðvarmanýtingu.“


## Olíuvinnsla á Drekasvæðinu og við austurtrönd Grænlands

Töluverð tækifæri geta leynst á Drekasvæðinu og Grænlandi fyrir Íslendinga og þá sérstaklega með að þjónusta framkvæmdaraðila. Þjónustuiðnaður við olíuleit er gríðarlega stór og umfangsmikill og töluverð tækifæri liggja þar.


„Þessir aðilar munu m.a. þurfa að kaupa vistir og fá ýmsa þjónustu í landi. Ljóst er að stórir aðilar eru að skoða olíuvinnslu við austurtrönd Grænlands og því skiptir máli að Ísland sé í fararbroddi við að þjónusta þessa aðila eins vel og hægt er þar sem Ísland er sannarlega nærtækasta landið. Við teljum að sem þjóð þurfum við að skoða gaumgæfilega hvað er að fara í gang í grennd við okkur og reyna að teikna upp hvernig við getum nýtt okkur legu landsins til að ná viðskiptum. Ef ekki, þá verður það bara gert annarsstaðar frá. Gott dæmi um þetta eru nýstofnuð samtök, Arctic Services, sem er að kortleggja tækifæri vegna aukinna og vaxandi umsvifa í námu- og olíuvinnslu á Grænlandi og Drekasvæðinu og kynna þá þjónustu sem hægt er að bjóða á Eyjarfjarðarsvæðinu.“

## Með sæstreng geta fleiri orkukostir orðið arðbærir

„Lagning sæstrengs er mjög áhugavert verkefni og vert að skoða mjög vel. Það þarf að kortleggja kosti og galla þessa verkefnis og meta útrá heildar þjóðhagslegum áhrifum,“ segir Hjörtur Þór. „Ísland er ríkt af auðlindum sem hægt er að beisla til framleiðslu rafmagns. Sæstrengur getur haft marga kosti fyrir land og þjóð en hugsanlega geta fylgt þessu ókostir sem þarf að greina gaumgæfilega. Miðað við þróun á rafmagnsverði í dag og sífellt aukna eftirspurn eftir endurnýjanlegri grænni orku t.d. í Evrópusambandinu með markmiði sínum um að 20% af orku komi frá endurnýtanlegum orkugjöfum árið 2020, hefur Ísland sterka samkeppnisstöðu og það sem meira skiptir hefur landið meira en nóg af grænni orku sem hægt væri að nýta á alþjóðvísu, landi og þjóð til heilla. Að auki geta orkukostir sem eru í dag óarðbærir orðið arðbærir með sæstreng vegna herra orkusúlverðs á alþjóðlegum markaði. Lagning sæstrengs geti haft þau áhrif að orkuöryggi Íslands eykst, að ótöldu haggræði og bættri nýtingu á núverandi virkjunum,“ segir Hjörtur Þór Steindórsson, viðskiptastjóri orkumála hjá Íslandsbanka.



Frumorkunotkun.



Próun raforkuframléiðslu.





» Ferðafélag Íslands

# Hefur gengið í 80 ár

Ferðafélag Íslands var stofnað í nóvember 1927 og hefur starfað óslitið í áttatíu ár. Félagið er áhugamannafélag og tilgangur þess að stuðla að ferðalögum um Ísland og greiða fyrir þeim. Strax í upphafi voru kjörsvið félagsins skálarekstur, ferðir og útgáfa og er svo enn í dag.

„Félagið byggir á traustum grunni sem mjög margir, bæði sjálfboðaliðar og aðrir, leggja lið með vinnu eða ýmsum stuðningi.“ segir Páll Guðmundsson framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands. „Starf félagsins

í dag er mjög fjölbreytt og blómlegt. Það er mikill meðbyr með félaginu í dag, enda nýtur útivist, fjalla- og ferðir um hálandið sífellt meiri vinsælda.“

**Glæsileg útgáfa**

Á hverju ári gefur Ferðafélag Íslands út árbók og nýlega kom út árbókin 2013. Hún er eftir Hjörleif Guttormsson og fjallar um norðausturland. Nú þegar er verið að vinna að næstu fjórum til fimm árbókum.

Það er óhætt að segja að árbækur

Ferðafélags Íslands séu einstakar. Í þeim eru ítarlegar upplýsingar um svæði sem þær fjalla um; jarðfræði, gróður, fugla- og dýralíf, sögur og sagnir, mannlíf, menningu, atvinnuhætti, göngu-, reið- og akstursleiðir, svo eitthvað sé nefnt. Þær eru vel skemmtilega skrifaðar af höfundum sem gerþekjka til aðstæðna, ríkulega myndskreyttar og frágangur á þeim allur til fyrirmyndar. Reyndar ættu þær að vera til á hverju heimili.

Í útgáfunni er einnig fjöldi smárita, handhægir litlir bæklingar

sem fjalla um afmörkuð svæði og gott að hafa með sér í bakpokanum, til dæmis, gönguleiðir í Hvalfjarðarbotni, á Hellisheiði, Laugavegurinn, Gönguleiðir á Kili, gönguleiðir í Þórisdal. Auk þess gefur félagið út göngukort.

**Vinsælasta gönguleið landsins**

Ferðaáætlun ársins kemur alltaf út í byrjun árs. Í henni er að finna fjölbreytt úrval ferða þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi, allt frá léttum kvöldferðum, upp í jöklaferðir. „Frá upphafi hefur félagið staðið fyrir yfir tvö þúsund ferðum, með yfir tvö hundruð þúsund þátttakendum.“ segir Páll, „og starfar í dag á fjölmörgum svæðum og leiðum.

Þar má nefna Laugavegin, vin-sælustu gönguleið landsins, sem liggur frá Landmannalaugum og niður í Þórsmörk. Á þessari leið hefur félagið byggt upp sex skála, í Hrafninnskerri, við Álfvatni, í Hvanngili, Emstrum og Þórsmörk. Laugavegurinn er einstök gönguleið og má segja að sé gengið í mjög fjölbreyttu landslagi, allt frá líparítssvæði, yfir jökulsvæði, um eyðimerkursanda og niður í skógi vaxna Þórsmörk. Á leiðinni þarf auk þess að vaða yfir nokkrar ár.

Á hverju sumri ganga á milli sex og átta þúsund manns Laugavegin og nýta sér aðstöðu í skálum félagsins. Í öllum skálunum eru skálaverðir sem sinna þjónustu og viðhaldi. Einnig eru tjaldstæði og

salernisaðstaða við alla skálana, sem og aðgangur að eldhúsi og eldhúshöldum.

Þetta eru stórir skálar með svefnpokaplássi en þó ekki með rafmagni og á stórum hluta leiðarinnar er ekkert símasamband. Laugavegurinn er okkar flaggskip, ásamt Hornströndum – sem er stór þáttur í ferðaáætlun okkar.“

**Félagsaðild borgar sig**

Það eru allir velkomnir í Ferðafélagið, ungir sem alnir og fjölskyldan öll. Það er fátt betra en að vera úti með fjölskyldunni í gönguferð og upplifa íslenska náttúru.

Maður hvílíst hvergi betur en í hreinu fjallalofinu með alla þessa stórbrotu náttúru í kringum sig.

Félagsmenn njóta umtalsverðra fríðinda í forni veglegar árbókar ár hvert og verulegs afsláttar afgistingu í skálum og fargjaldi í ferðum félagsins og deilda þess. Þar að auki veita fjölmörg fyrirtæki félagsmönnum afslátt af þjónustu sinni. Árgjaldið er því fljótt að skila sér, því það er aðeins 6.700 krónur í ár.

Eins og Páll segir þá eru Hornstrandir stór þáttur í ferðaáætlun Ferðafélagsins. „Við erum með tíu ferðir í boði á Hornstrandir á hverju ári og erum að fara með tvö til þrjú hundruð manns á ári þangað. Þar göngum við um eyðibýggðir og ákaflega falleg og heillandi svæði. Í þessari ferð gistum við í skálum og þeim húsum sem eru fyrir á svæðinu.“ Félagið hefur

nú nýlega tekið við Hornbjargsvita og rekur þar gístaðstöðu og þjónustu við ferðamenn.

**Skálar og deildir**

Skálar Ferðafélags Íslands og deildanna úti um land eru þægilegir áningarstaðir á ferðalagi um óbyggðir Íslands. Þeir eru á þrjátíu og átta stöðum víðsvegar um land og allur almenningur getur nýtt þá óháð aðild að Ferðafélaginu. „Á Kili erum við starfandi með fimm skála og gönguleið sem heitir Kjalvegur hinn forni.“ segir Páll. „Þetta er gömul þjóðleið sem naut mikilla vinsælda til langs tíma. Vonandi á hún eftir að koma inn vinsæl aftur, því þetta er ákaflega

falleg leið um hrjúft og eyðilegt landslag og miklum söguslóðum þar sem ýmsar hörmungar í Íslandssögunni gerðust.“

Innan Ferðafélags Íslands eru starfandi sjálfstæðar deildir, sem starfa í anda FÍ. Deildirnar standa fyrir eigin ferðaáætlun, eiga og reka ferðaskála og standa fyrir útgáfustarfi af ýmsu tagi. Þeir sem eru í Ferðafélaginu geta nýtt sér allt sem þessar deildir fleiri sem eiga jeppa og ferðast á einni dag ferðir, helgarferðir og lengri ferðir. Páll segir að sá hópur sé alltaf að stækka, „enda sífellt fleiri sem eiga jeppa og ferðast á eigin vegum. Síðan má segja að við séum með starfandi skíðaferðadeild. Þegar gott er veður og færi gott, þá bjóðum við upp á gönguskíðaferðir.“

„Hins vegar erum við núna að endurvekja okkar sambönd við ferðafélögin á Norðurlöndum.“ segir hann. „og verðum þá væntanlega með skipulagðar ferðir þangað á næstu árum.“ Innan Ferðafélags Íslands er jeppadeild sem starfar allt árið um kring, fer í dagsferðir, helgarferðir og lengri ferðir. Páll segir að sá hópur sé alltaf að stækka, „enda sífellt fleiri sem eiga jeppa og ferðast á eigin vegum. Síðan má segja að við séum með starfandi skíðaferðadeild. Þegar gott er veður og færi gott, þá bjóðum við upp á gönguskíðaferðir.“





» Grindavík

## Heimabær Bláa Lónsins

Bláa Lónið er vinsælasti ferðamannastaður Íslands. Grindavík er heimabær Bláa Lónsins. Bæjaryfirvöld í Grindavík og ferðabjónustuaðilar hafa nú lyft grettistaki í ferðabjónustu í Grindavík undanfarin meðal annars í þeim tilgangi að opna dyrnar fyrir gesti gesti úr Bláa lóninu til þes að upplifa Grindavík enda aðeins þriggja mínútna akstur í miðbæinn.

Finnt þér gaman að útivist, hreyfingu og ævintýuramennsku? Þessi

vinalegi þrjú þúsund manna sjávarútvegsbær býður upp activities eins og fjórholjolaferðir, hellaferðir og hestaferðir. Búið er að malbika 4 km göngu- og hjólastíg frá Bláa lóninu til Grindavíkur fyrir þá sem vilja koma blóðinu á hreyfingu og hjóla, skokka eða ganga. Þá er frábær 18 hlu golfvöllur í bænum.

Við höfnina, lífæð Grindavíkur, eru m.a. kaffihús, tvö söfn, verslanir og ferðamenn geta komist í návígi við þegar íslenskir sjómenn koma að landi

með afla sinn. Hægt er að fylgjast með þegar verið er að landa aflanum. Hægt er að skoða fiskvinnsluna þar sem aflinn er unninn. Grindavík er fimm stjörnu matarkista en þar eru framúrskarandi matsölustaðir sem bjóða upp á besta fisk í heimi, sem landað er og unninn í Grindavík!

Ertu að leita að gistingu? Ef þú ert að leita að gistingu er eitt glæsilegasta tjaldsvæði landsins í Grindavík sem opnað var fyrir nokkrum árum. Það

er við nýja Suðurstrandarveginn sem tengir Grindavík við Suðurland. Tjaldsvæðið er fyrsta flokks og er vinsælt hjá ferðamönnum að gista þar í nokkrar nætur þegar þeir koma úr flugi til Íslands eða eru að ljúka ferð sinni um landið og vilja eyða einum eða fleiri dögum í Grindavík og nágrenni. Þá eru gistiheimili í bænum og einnig hótél skammt frá Bláa lóninu sem sérhæfir sig í Norðurljósum.

Ertu á bílaleigubíl? Þegar þú ert t.d. frá Bláa lóninu, prófaðu að beygja til vinstri og fara framhjá Þorbjarnarfelli og til Grindavíkur. Búið er að setja ýmis upplýsingaskilti um Grindavíkurbæ fyrir ferðamenn. Á þeim eru QR-kóðar. Hægt er að nálgast kort og upplýsingabæklinga í Bláa lóninu og út um allt í Grindavík. Þá er líka hægt að spjalla við Grindvíkinga, þeir eru einstaklega þægilegir í samskiptum, eru gestrisnir og finnst gaman að fá góða gesti í heimsókn.

[www.grindavik.is](http://www.grindavik.is)

-SJ

» Hótel Keflavík

## Þar sem stjarnað er við gestina

Hótel Keflavík er eitt glæsilegasta hótelið í Keflavík eftir gagngerar umbætur. Það er jafnframt elsta og stærsta hótelið í bænum en í því eru 70 herbergi. Á hótelinu eru eins manns herbergi, tveggja manna herbergi og fjölskylduherbergi; þar af átta svitur. Gistiheimili Keflavík er rekið í tengslum við hótelið en þar eru sex herbergi.

Þess má geta að á hótélherbergjunum má m.a. finna 14 rása sjónvarpskerfi, geislaspilara og aðgang að iPad auk þess sem á hótelinu er sérstakt tölvuherbergi fyrir þá sem eru ekki með eigin tölvur.

Ýmis tilboð eru í gangi. Þar má nefna helgartilboð þar sem fólk getur t.d. keypt rómantíska helgi og einnig má nefna pakkaferðir en gestir leigja þá bílaleigubíl. Starfsfólk hótelsins aðstoða þá gesti sem það vilja að skipuleggja ferðir til ýmissa áhugaverða staða innan svæðisins og má þar nefna Víkingaheima, Duus-hús, glerblástur við smábáthöfnina og hvalaskoðun, sem er vinsæl á meðal hótélgesta, en siglt er frá Keflavíkurböfn sem er steinsnar frá hótelinu.

Hótelið hefur verið tekið í gegn á árinu og er nú staðið að mestu endurbótum frá upphafi. Skipt verður um alla glugga hótelsins á



árinu og er verið að taka í gegn herbergi, móttökuna og veitingastaðinn. Byggingin verður klædd með graniti að utan og verður upplýst þegar dimma tekur.

Boðið er upp á morgunmat frá klukkan fimm á morgnana með þá í huga sem fara í morgunflug sem

og akstur upp á flugvöll sem tekur um fimm mínútur. Glæsilegur veitingastaður er á hótelinu sem heitir Café Iðnó sem er einnig reglulega er boðið upp á ýmsar nýjungar.

Um 700 fermetra líkamsræktarstöð, Lífsstíll, er í kjallara

hótelsins og hana sækja bæði gestir hótelsins og bæjarbúar. Um er að ræða eina af stærstu líkamsræktarstöðvunum á hóteli í Evrópu.

Það ætti enginn að verða svikinn af gistingu á Hótel Keflavík.

[www.kef.is](http://www.kef.is)

-SJ



» Brú á milli tveggja heimsálfa

## Reykjanes

Margar perlur leynast á Reykjanesi sem tengjast bæði náttúrunni og sögunni. Á Reykjanesstánni sést hvar Atlantshafshryggurinn kemur á land og þar er vinsæll áfangastaður. Brúin milli heimsálfa; brú sem hægt er að standa á sem bókstaflega liggur á milli tveggja heimsálfa. Þeir sem þangað koma geta fengið viðurkenningu upp á að þeir hafi staðið á brúnni.

Margar náttúruperlur eru á svæðinu sem má virða fyrir sér á þeim fjölmörgu gönguleiðum sem þar eru. 25 helstu gönguleiðirnar eru um 390 kílómetrar í allt og eru þær allar merktar. Alla miðvikudaga í sumar biðst fólk að fara í skipulagðar gönguferðir um svæðið með leiðsögumanni og eru ferðirnar miserfðar. Sumar leiðir liggja í gegnum hraunið á Reykjanesi, um gamlar þjóðleiðir, en einnig er gengið upp á fjöll eins og Keili og Þorbjörn. Þá er fjöldi hella á svæðinu en ekki þykir ráðlagt að fara í þá nema með réttan búnað og með leiðsögumanni.

**Skessan, skipin og víkingarnir**

Reykjanesbær býður upp á skemmtilegar sýningar og fjölbreytta þjónustu. Þar best hæst - í bókstaflegri merkingu - skessa nokkur sem börn á öllum aldri hafa gaman af. Skessan býr í helli nokkrum við höfnina og má elta fótspor hennar þangað frá hinum ýmsu stöðum í bænum. Börn, sem eru að hætta á snuði, skilja það gjarnan eftir á tré sem er hjá sofandi skessunni. Duus-hús er þarna rétt hjá þar sem til sýnis eru rúmlega 120 handsmíðaðar eftirlíkingar af skipum og bátum. Í húsinu eru jafnframt settar upp

hinar ýmsu sýningar og í sumar var sett upp sýning á olíumálverkum sem hafa verið máluð af Reykjanesi á löngu hvar Atlantshafshryggurinn kemur á land og þar er vinsæll áfangastaður. Er þabbi fór á sjóinn sem sýnir lífið í landi hjá sjómannaþjólskyldunum á meðan mennirnir fóru á sjóinn.

Svo má ekki gleyma Víkingaheimum þar sem lögd er áhersla á nýstárlegan hátt um þátt Íslands í landafundum Norður-Ameríku. Víkingaskipið Íslendingur er þar til sýnis en siglt var á því til Ameríku fyrir rúmum áratug. Í byggingunni er einnig sýning sem bandaríska Smithsonian stofnunin gaftil Víkingaheima en hún sýnir sögu og lífnaðarhætti víkinga við Norður-Atlantshafið fyrir um þúsund árum. Orkuverið jörð er að finna á Reykjanesi en þar er sýning þar sem lögd er áhersla á orkuna á Íslandi og tæknileg atriði hafa verið sett upp á einfaldan hátt til að sýna t.d. hvernig orkan virkar.

**Pourquoi-pas**

Sandgerði hefur ýmislegt upp á að bjóða. Í Þekkingasetrinu er unnið að hvers konar rannsóknum er tengjast sjó og fuglum. Þar er til sýnis safn lífvera og jurta, steina og þar eru líka lifandi dýr í sjóbúrum. Þeir sem elta fótspor hennar þangað frá hinum ýmsu stöðum í bænum. Börn, sem eru að hætta á snuði, skilja það gjarnan eftir á tré sem er hjá sofandi skessunni. Duus-hús er þarna rétt hjá þar sem til sýnis eru rúmlega 120 handsmíðaðar eftirlíkingar af skipum og bátum. Í húsinu eru jafnframt settar upp



**Orkan, saltfiskurinn og rithöfundurinn**

Auðlinda- og menningarhúsið Kvikan er í Grindavík og þar eru þrjár sýningar. Sýningunni Jarðorka er ætlað að fræða gesti um undirstöðuatriði íslenskrar jarðsögu og jarðfræði og skýra á einfaldan hátt eðli jarðhita, eldvirkni og jarðskjálfta. Saltfisksetur Íslands er í byggingunni og á þeirri sýningu er lögd áhersla á sögu saltfiskverkunar á Íslandi. Þar fléttist inn saga sjómennsku, þróun skipa, veiða og vinnslu frá lokum hefðbundinnar verbúðarmennsku til dagsins í dag. Þá var opnuð í sumar sýning um Guðberg Bergsson rithöfund.

**Vitarnir og golfvellirnir**

Vitarnir á Reykjanesi hafa verið vinsælir meðal ferðamanna og eru þeir



Reykjanesbæjar og Garðs og þar hafa oft verið haldin Íslandsmót. Svo eru vellir í Sandgerði og í Vogunum.

Jú, ferðamaðurinn ætti að geta fundið ýmislegt við sitt hæfi á Reykjanesi; hitt sofandi skessu, fræðst um jarðfræði, dýr og rithöfund. Skoðað vita og leikið golf. Reykjanesið er mjög aðgengilegt og er hægt að finna eitthvað við allra hæfi. Mikið og fjölbreytt fuglalíf er við ströndina en jafnframt líkt og inn í landi er að finna heillandi hraunmyndanir og skemmtilegt umhverfi sem geymir sögu um líf og störf Suðurnesjamanna í tengslum við hernámið, eldumbrot, jarðhita og sjóinn.

Fjórir golfvellir eru á Reykjanesinu í ævintýralegu umhverfi. Hraunið og sjórinn er í næsta nágrenni við

[www.visitreykjanes.is](http://www.visitreykjanes.is)

-SJ





### Gullkollur

Náttúrulegu jurtasmýrslin undir nafninu Gullkollur eru framleiðsla Möggu Hrannar Kjartansdóttur, fæddri og upp-alinni í Sandgerði. Smýrslin sem eru hvað vinsælust eru **varasalvi** sem hefur dugað vel við frunsum (herpes), **exemsmýrsl** sem hefur reynst sumum psoriasisjúklingum vel, auk þess að virka vel á önnur húðvandamál og svo **græðandi smýrsl** sem hefur ma.áhrif á unglingsbóllur, sólblúna og bleyjubruna. Jurtasmýrslin eru 100% náttúruleg - og tínd og unnin úr jurtum af Reykjanesinu. Reynslusögur má finna á facebook og má bæta þar í safnið.

Hlíðargata 42 • 245 Sandgerði ☎ +354 895 7746 ✉ maggahk@visir.is 🌐 www.facebook.com/Gullkollur



### Skarftsmiðjan

Perlur í miklu úrvali

#### Opíð

mánud til föstud 10-18  
laugardegar 10 - 16

Skarftsmiðjan  
Hafnargötu 35  
Reykjanesbæ

sími 4215121



» Frábær fiskréttamatseðill, fuglaskoðun við Eldey og margt fleira

## Kaffi Duus

Kaffi Duus er staðsett við gömlu Duus húsin við smábátahöfnina í Keflavík, með frábæru útsýni yfir höfnina. Bergið og smábátahöfnin fyrir neðan, sjóinn og fjallasýn í fjarska er vel viðrar. Þegar dimmir þá er bergið sem liggur við höfnina upplýst á kvöldin. Í ársbyrjun 2008 var tekin í notkun nýr salur sem rúmar 65 manns ásamt fundaraðstöðu á efri hæð með sæti fyrir 30 manns, svo alls getur staðurinn tekið á móti 180 manns í sæti. Í hádeginu er boðið upp á fiskrétti, grillrétti og einnig frábær salöt og rjómalag- aðar súpur ásamt hamborgurum,

pastaréttum, samlokum, pizzum ásamt barnamatseðli og súpu sem fólk getur fengið í brauði eða í hefðbundinni skál. Kaffidrykkir, brauðmeti og tertur eru í boði allan daginn. A La Carte matseðill er svo á kvöldin frá kl 18:00 en sérfrág Duus eru fiskréttir en frábær gæði þeirra hafa vakið verulega athygli og aðdáun.

Sigurbjörn Sigurðsson, eigandi staðarins, segir að auk reksturs veitingastaðarins sé gerður út bátur til skemmtiferða og mjög vinsælt sé af ferðafólki að fara í ferð til Eldeyjar til að skoða frábært og fjölskrúðugt fuglalíf þar, fara í

hvalaskoðunarferð en stutt er að fara frá smábátahöfninni í Keflavík út á Faxaflóa þar sem í flestum tilfellum má sjá hvali að leika og það nokkrar tegundir eins og hnúfubaka, hreknur og höfrunga.

„Það færast stöðugt í vöxt að fyrirtæki panti ferðir fyrir sína starfsmenn, en fyrirtækjaferðirnar byrja kannski með hvalaskoðun en fuglaskoðun við Eldey og síðan er góður kvöldverður á Kaffi Duus en þeir sem kaupa slíkan pakka fá 10% afslátt af veitingum á Duus. Svo koma auðvitað hópar sem panta steggaferðir eða gæsaparty, þ.e. skipulögð er einhver dagskrá fyrir þann eða hana sem er

að fara að gifta sig. Það hefur alltaf verið vinsælt,” segir Sigurbjörn.

Staðsetning Kaffi Duus getur vart verið betri. Fallegt timburhús við sjávarsíðuna þaðan sem er útsýni út á Faxaflóann, hægt er að fara í gönguferð eftir ströndinni eða rölta upp á berg þar sem fjallasýn blasir við og gott er að sjá yfir flóann í góðu

veðri. Ásamt gönguleið sem liggur út í Helguvík. Einnig er hægt að fara með bátnum til að skoða hvali eða fugla, eða jafnvel hvoru tveggja. Allt þetta býðst þeim sem koma í Kaffi Duus, eða hluti þess, allt eftir vali hvers og eins.

www.duus.is


GG



## Ráin

Veitingastaður

Einn glæsilegasti veitingastaður Reykjanesbæjar með fagurt útsýni yfir Bergið og yfir sjóinn í átt til Reykjavíkur. Starfræktur síðan 1989 og tekur um 300 manns í sæti. Boðið er upp á lifandi tónlist um helgar og einnig er Karaoke-kerfi á staðnum. Einungis tíu mínútna akstur frá Keflavíkurflugvelli.



Hafnargata 19 • 230 Keflavík  
rain@rain.is

+354 421 4601  
www.rain.is

## HÓTEL BERG

Á Hótel Bergi nýturðu í senn persónulegrar þjónustu heimagistingar og þeirra þæginda sem gæðahótel veita.

Þetta nýja hótél í Keflavík er á einum fallegasta stað Suðurnesja, við smábátahöfnina í Keflavík. Aðeins fimm mínútna gangur er á helstu veitingastaði bæjarins og sjö mínútna akstursleið á Keflavíkurflugvöll - en við bjóðum gestum okkar gjaldfrjálstan akstur til og frá flugvöllum ásamt því að geyma bílinn á meðan þú ert erlendis.

Bakkavegur 17 • 230 Reykjanesbær  
berg@hotelberg.is

+354 422 7922  
www.hotelberg.is



### BLUE CAR RENTAL

Vönduð bílaleiga staðsett á Keflavíkurflugvelli, býður upp á bíla fyrir allar aðstæður. Skilvirkt og ábyggilegt starfsfólk reiðubúið til þjónustu. Starfsmenn geta komið með eða sótt bíla hvort sem er á Keflavíkurflugvelli, í Reykjavík eða í Bláa Lónið eftir ósk leigjanda.

Blikavellir 3 • 235 Keflavíkurflugvöllur ☎ +354 773 7070 ✉ blue@bluecarrental.is 🌐 www.bluecarrental.is



## GK Leir & Litir

Handgerðar íslenskar vörur í sérflokki

GK Leir & Litir er keramikverkstæði þar sem hægt er að sjá listamanninn að verki og fjárfesta í fallegum leirmunum þar sem handbragðið nýtur sín til hins ýtrasta.

Vítatorg 13 • 245 Sandgerði  
ggk@bt.net.is

+354 893 8812  
á facebook



# Vegleg bók um ferðapjónustu á Íslandi

Land og Saga hefur um árabil gefið út tímaritið Icelandic Times, upplýsingarit fyrir erlenda ferðamenn um ferðapjónustuna hér á landi. Ritið hefur frá upphafi notið mikilla vinsælda og var því ákveðið síðastliðið ár að taka hlutina skrefinu lengra og gefa út bók með safni nýrra og áður útgefna greina, alls 250 greinar.

Bókin sem ber heitið Icelandic Times Extra, er 400 síður og smekklega innbundin. Auk greina um ferðapjónustu-aðila eru í bókinni landslutakort og fjöldi ljósmynda, greinar um fugla og gróðurlíf, jarðfræði og jarðsögu – sem gera bókina sérlega eigulega. Líkt og í blöðum okkar er greinum bókarnar skipt eftir landslutum og er ætlunin að láta greinargóð kort fylgja hverjum hluta – þá götukort jafnt sem svæðiskort. QR kóðar eru á sínum stað og að venju vel skrifaðar, aðgengilegar og skýrar umfjallanir.

Mikil áhersla er lögð á ljósmyndasíður, umfram það myndefni sem fylgir greinum, eða um 50-60 aukasíður fylltar ljósmyndum. Menningarlegar umfjallanir eru á sínum stað auk þess sem vel er farið í kynningar varðandi hönnun og fyrirtæki. Icelandic Times Extra kemur út árlega og fer því hver að verða síðastur til að bóka pláss fyrir sitt ferðapjónustufyrirtæki. Þau fyrirtæki sem hafa nú þegar keypt greinar í blöðum Icelandic Times fá endurbirtingu á kostakjörum.

Ef fyrirtækið þitt hefur ekki áður keypt greinar í blaðinu okkar en langar að vera með í innbundnu bókinni er verðið töluvert lægra en í fríu tímaritunum.

Hægt er að fá nánari upplýsingar með því að hringja eða senda tölvupóst til útgefanda. Netfangið er [info@icelandictimes.com](mailto:info@icelandictimes.com) og síminn: 578 5800.



» Sveitarfélagið Garður

## Byggðasafn og vitar tveir

Sveitarfélagið Garður er á nyrsta odda Reykjanessskagans og eru elstu heimildir um Garðinn eða Reykjanes að finna í Landnámu. Nafnið - Garðurinn - tengist fornum grjóthlöðnum garði frá Útskálum í Garði að Kirkjuból í Sandgerði. Talið er að þessi garður tengist akuryrkju á þeim tíma.

Í Byggðasafninu í Garði eru til sýnis ýmsir áhugaverðir hlutir sem tengjast sögu sjávarútvegs og byggðar í

Garðinum í gegnum tíðina. Nefna má t.d. gamlar bátavélar úr smábátum sem eru gangfærar auk þess sem þar er safn af fjarskiptabúnaði úr skipum, skipslíkön, húsbúnaður og eldhúshöld frá fyrri tímum. Safnið er opið daglega frá 1. apríl og fram í október og er aðgangur ókeypis. Veitingahúsið er á annarri hæð hússins og af svölum og úr stórum gluggum, sem snúa út að sjónum, má stundum sjá hvali leika listir sínar.

Tveir vitar eru á Garðskaga. Annars vegar er það gamli vitinn á Garðskagatá sem var byggður 1897 og er ekki lengur í notkun. Gamli vitinn er formfagur og fallegur og er táknið í bæjarmerki Garðs. Hins vegar er það nýrri viti sem var byggður 1944 og stendur á flötinni gegnt byggðasafninu og gamla vitavardarhúsinu á Garðskaga. Efst úr vitanum er mikið og fagurt útsýni í allar áttir.

Þeir sem kjósa að gista í tjaldi geta



18 holu golfvöll. Náttúran er fögur og fuglalífið er fjölbreytt. Þarna getur fuglaáhugamaðurinn virt fyrir sér ýmsar sjúfuglategundir auk þess sem mófugla er að finna á svæðinu út með ströndinni. Gönguleiðir eru fjölbreyttar og svo styttest í að krækibærin og bláberin skjóti upp kollinum berjatínsluáhugafólki til mikillar ánægju. Sundlaugin í Garði laðar til sín margan manninn og svo má nefna skrúðgarðinn Bræðraborg við Garðbraut sem ungr og aldnir hafa haft ánægju af í gegnum árin.

Ferðamaðurinn ætti að geta fundið ýmislegt við sitt hæfi á þessum nyrsta odda Reykjaneskagans. Golfvöllurinn í Leiru er innan sveitarfélagsins Garðs þar sem Golfklúbbur Suðurnesja rekur þar



Vitinn  
30 ára  
1982-2012

Fjölbreyttur  
a la carte matseðill

Þjóðum uppá frábæra  
krabba- og skelfiskveislu

Hlaðborð í  
hádeginu alla daga



Vitinn | Vitatorg 7 | Sandgerði | Sími: 423 7755 | [www.vitinn.is](http://www.vitinn.is)

# SUMARHÚS OG FERÐALÖG



Sólarrafhlöður og fylgihlutir. 10-125w



Sólarrafhlöður fyrir húsbíla og fellihýsi. Punnar 130w



Gas-vatnshitarnar 5 - 14 l/min



Led-ljós - minni eyðsla



Gas-kælikápur 180 lítra



Gas-kælikápur 100 lítra



12v Kælikápur 110 lítra



Borð-eldavél



Gas-ofnar



Gas-eldavélar



Kælibox gas/12v/230v



Gas-hellur

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 • 110 Reykjavík • 577 1515 • [skorri.is](http://skorri.is) • Opið virka daga frá kl. 8.15 til 17.30





» Minilik á Flúðum

## Af öllu hjarta

Epiópía er okkur nánast eins framandi og tunglið. Þessi aldagamla menningarþjóð á sér þrjú til fjögur þúsund ára sögu með mannlífi og matarhefðum, menningu og listum sem við vitum fátt um – ef eitthvað. Það hefur lítill sem enginn snertiflötur verið á milli þjóðanna, en það er að breytast. Á Flúðum er yndislegt veitingahús sem ber heitið Minilik. Þar gefst gestum og gangandi kostur á að gæða sér á epiópískum mat og upplifa þá alúð sem sú þjóð leggur í matargerð. Þar gefst gestum og gangandi kostur á að gæða sér á epiópískum mat og upplifa þá alúð sem sú þjóð leggur í matargerð. Og það er af nógu að taka vegna þess að í Epiópiu eru 85 ættbálkar sem hafa 85 mállýskur, eiga sér 85 menningarheima og byggja á 85 mismunandi matarhefðum. Það er því ekki að undra að epiópísk matargerð



**Hvað þýðir Minilik?**  
Minilik þýðir Sonur hins vitra manns og auðvitað er saga á bak við nafnið. Minilik var sonur drottningarinnar Shebu. Í Biblíunni segir frá því að Sheba hafi heimsótt Salómon konung í Jerúsalem til að nema visku hans. Hún færði honum gull og aðrar gersemar – og að sjálfsögðu urðu þau elskendur. Konungurinn gerði henni son sem hún ól eftir að hún sneri aftur til Epiópiu. Hann fékk nafnið Minilik.

uðu á Flúðum kemur ákaflega vel út, en einnig er boðið upp á kjötrétti, lamb, naut og kjúkling. Maturinn er borinn fram með epiópísku brauði sem líkist íslensku pönnukökunum og er brauðið notað í stað mataráhaldna til að færa matinn upp í munn og ofan í maga. Það verður að játast að það er alveg sérstök tilfinning að borða með höndunum.

Opnunartímar eru frá 18.00 til 21.00 á miðvikudögum, fimmtudögum og föstudögum og frá 14.00 til 21.00 á laugardögum. Hins vegar eru þetta aðeins föstu opnunartímar, því hægt er að hringja utan þess tíma í 846-9798 og panta mat, annað hvort til að taka með sér eða til að gæða sér á, á staðnum. Pöntunin verður þó að vera fyrir fjóra eða fleiri.

www.minilik.is

-AÓ

## HÚSIÐ Á EYRARBAKKA

*Húsið á Eyrarybakka*



Byggingasafn Árnesinga er staðsett í Húsinu, sögufrægum bústað kaupmanna sem var byggt 1765. Húsið er eitt elsta hús landsins og glæsilegur minnisvarði þess tíma er Eyrarybakki var einn helsti verslunarstaður landsins.

Þar eru margar og áhugaverðar sýningar um sögu og menningu Árnessýslu, fornfrægt pianó, herðasjal úr mannhári og koppur kóngsins eru meðal sýningargripa. Hlylegur og heimilislegur andi er aðalsmerki safnsins.



Opnunartímar: 15. maí – 15. sept. alla daga kl. 11 – 18 eða eftir samkomulagi  
Sími: 483 1504 & 483 1082 | husid@husid.com | www.husid.com



Stór og glæsilegur veitingastaður í hjarta Mosfellsbæjar sem býður uppá sportið í beinni og frábæran mat og lifandi tónlist um helgar.

Opið mánudag - fimmtudag frá 17 - 01:00, föstudaga 17 - 03:00, laugardaga 12:00 - 03:00 og sunnudaga 12:00 - 01:00.

Drykkir - Forréttir - Hamborgarar - Samlokur - Salat  
Pizzur - Aðrir réttir - Bamamatseöill - Eftirréttir




Háholti 13 • 270 Mosfellsbær • Tel. (+354) 5666 222 • hvitiriddarinn@hvitiriddarinn.is • www.hvitiriddarinn.is

Veljum íslenskt


Handþrjóna samband Íslands

- Skólavörðustíg 19 s: 552 1890
- Laugavegur 64 s: 562 1890
- Radisson SAS, Hótel SAGA s: 562 4788



www.handknit.is

Langar þig að heimsækja Eldgjá, Lakagíga, Langasjó, Skaftafell, Hvannadalshnjúk, Lónsöræfi, Skriðuklaustur, Snæfell, Ásbyrgi, Jökulsárgljúfur, Öskju, Herðubreiðarlindir og Mývatn? *Leiðsögn um Vatnajökulsþjóðgarð* er frábær ferðafélagi, í rétti stærð og hefur svör við öllu.



“Frábær bók til að hafa í vasanum”

Eric Hansen, ferðaritari á *The New York Times*



Vinir Vatnajökulls - Hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs.





Oddaflug breiðtjalda



Fýlar



Háhyrningar



Fálki í leit að æti



Æðarkóngar á sundi



Rauðbrystingar á flugi



» Vestasti hluti Akraness sóttur heim

# Fuglalífið við Breiðina

Breiðin er vestasti hluti Akraness og þar er að finna einn elsta steinsteypta vita landsins sem var reistur 1918. Á fjöru er hægt að ganga út í og upp í minni vitann og njóta fagurs útsýnis. Í sumar verður stærri vitinn einnig opinn almenningi.

Á Breiðinni er fagurt útsýni yfir allan Faxaflóann, fuglalíf mikið og brimbarðar klapparfjörur. Nokkuð

sem lætur engan ósnortin hvort sem er í blöndri eða sjórin yfir sig. Útsýni úr vitanum er einstakt og hafa ljósmyndarar nýtt sér aðstöðuna úti ásar. Fuglalífið við Breiðina er fjölbreytt árið um kring. Æðurin er langmest áberandi fuglinn. Stærstu hóparnir sjást á útmánuðum þegar loðnan gengur á svæðið og geta fuglarnir þá skipt þúsundum. Venjulega

sjást þar allan veturinn. Hinn háværa og fjöruga hávella er líka sjófugl á veturna og oft að þvælast kringum æðarhópana. Toppendur sjást árið um kring, en stökkendur mest á veturna. Sendlingur er algengasti vaðfuglinn á klöppunum kringum Breiðina og er þar oft í hópum. Nokkrir tjaldar sjást allan veturinn, en honum fjölga á vorin og hann verpur jafnvel ofarlega í fjörinni og það gerir sandlóa einnig. Nokkrar tildrur eru oft í slagtogi með sendlingunum.

**Sjófuglar og sjávardýr**  
Fýlar eru algengir sjófuglar kringum Akranes, þeir sækja í ýmislegt æti eins og loðnu, fiskúrgang og fleira. Þeir sjást stundum í stórum hópum við ræsi og í höfninni. Máfar sækja í svipaða fæðu, helstu máfategundir sem sjá má við Breiðina eru silfurmáfur, svartbakur, hvítmáfur, bjartmáfur, hettumáfur og rita. Bjartmáfurinn er vetrargestur frá Grænlandi, hinir eru íslenski varpfluglar. Stundum sjást músarrindlar í grjótinu og starar og hrafnar leita í fjöruna eftir æti.

Ýmsa fleiri fugla má reikna með að sjá, en of langt mál er að telja þá alla upp hér. Þegar fiskitorfur eru nærri landi eða jafnvel á öðrum tímum er ekki óalgengt að sjá hvali velta sér í sjávarborðinu. Helst eru það hnýðingar og háhyrningar sem sjást frá landi, en hreftum bregður einnig fyrir. Landselir liggja stundum á skerjunum útaf Breiðinni.

**Víkur og vogar**  
Ef við færum okkur aðeins útfyrir Breiðina og sérstaklega norður og austur með ströndinni er fjöldi víkna og voga með fjölbreyttu fuglalífi. Nefna má Kalmansvík, Höfðavík og Mjóavog. Blautós er löng og mjó vík sem er afmarkast af tanga. Innstavgosnesi. Ósinn og nesid eru friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum. Á fjöru þornar ósinn og þar myndast miklar leirur sem laða að fugla í þúsundtali eins og rauðbrysting og margæs. Það eru fuglar sem koma hér við á leið sinni milli vetrarstöðva í Evrópu og varpstöðva á Ishafseyjum Kanada. Margæsinn stoppar hér í tvo mánuði á hverju vori til að safna fituförða

fyrir langt og erfitt farflug yfir Grænlandsjökul og síðan til að geta hafið varp meðan gróður er enn skammt á veg kominn á varpstöðvunum.

**Verndun votlendis**  
Enn innar tekur síðan Grunnafjörðurinn við. Hann er stór og grunnur og þar eru gríðar miklar sandmaðksleirur sem koma í ljós á fjöru. Grunnafjörður er eitt sex svonefndra Ramsarsvæða á Íslandi, sem tákna að það hafi verið viðurkennt af hinum

alþjóðlega Ramsar-samningi um fjölda annarra fugla. Meðal sjaldgæfra varpugla er brandönd og stundum sjást haferner á sveimi. Fjöldi annarra fugla má vænta í Grunnafirði, en aðgengi er þar fremur erfitt.

Akranes er aðeins steinsnar frá Reykjavík. Ef ekið er um hin 5 km löngu og 165 m djúpu Hvalfjarðargöng er þetta aðeins rúmlega hálf tíma akstur.

Gleðilega fuglaskoðun!

[www.visitakranes.is](http://www.visitakranes.is) **JÓH**





» Geirabakarí

## Fyrir sælkera og alla hina

Fallegi bærinn Borgarnes blasir við þegar ekið er yfir Borgarfjarðarbrúna á leiðinni norður og er þjónustukjarni strax á vinstri hönd sem margur ferðalangurinn sækir í og eru alltaf næg bílastæði: enda kannast margir af höfuðborgarsvæðinu við að hafa í gegnum árin stoppað í Borgarnesi - það er svoltið eins og fastur þáttur.

Geirabakarí er í þessum þjónustukjarna og er til húsa í fallegu og nútímalegu húsnæði. Gluggarnir ná frá lofti niður á gólf og blasir stórkostleg náttúran við svo að það er eins og um sífbreytilegt málverk sé að ræða sem gestir staðarins geta notið: Hafnarfjall. Fuglalífið fyrir utan getur verið fjölbreytt og gestirnir geta því virt fyrir sér bæði

náttúruna og dýralífið.

Bakaríð er ekki bara bakarí því um konditor er að ræða og geta gestir setið í glæsilegum salnum. Mikið af fjölskyldufólki stoppar við í Geirabakarí og eru sérstakir barnastólur í salnum fyrir yngstu kynslóðina.

Fyrir utan þá sem fá sér sæti í Geirabakarí þá eru þeir margir

sem kaupa sér eitthvað í svaginn og fara með út. Það er t.d. hægt að fara með gírnilegar krásir eitthvert út í náttúruna og njóta þeirra þar.

Úrvalið á staðnum er jafn stórkostlegt og útsýnið: úrval nýbakaðra brauda er mikið og má þar nefna miðjarðarhafsbrauð, þarna eru til alls konar samlokur og svo

fást í Geirabakarí kökur, kruðerí

og ekta smurbrauð. Boðið er upp á súpu og brauð í hádeginu. Úrval drykkja er mikið - heitir og kaldir drykkir svo sem ýmsar tetegundir og gott kaffi.

Þegar veður er gott er ekki verra að sitja við borð fyrir utan Geirabakarí, borða dýrindis brauð, kökur, kruðerí eða ekta smurbrauð, bergja á heitum eða köldum drykk, njóta stórkostlegs útsýnisins og hlusta jafnvel á fuglana sem sveima þarna um.

Er á Facebook

-SJ



» Arkart - Guðrún Stefánsdóttir

## Eftirtektarverð hönnun byggð úr leðri

Guðrún Stefánsdóttir hefur leðurvarning undir eigin vörulínu að nafni Arkart samhliða störfum sínum sem arkitekt. Hönnun á svo ólíkri stærðargráðu getur vel átt sér marga sameiginlega fleti, enda má hæglega sjá hin geometrisku form arkitektúrsins í hönnun Guðrúnar.

Arkart-línan samanstendur aðallega af leður-töskum af öllum stærðum og gerðum, sem og hálsfestum og eyrnalokkum úr sama efni. Guðrún hélt sig upprunalega við að sniða töskurnar en uppgötvaði svo sér til ánægju að það leður sem varð afgangurinn af töskunum gat nýst til ýmiss brúks. Hóf hún því að hanna hálsfestarnar og eyrnalokkana úr afganginum með því að sniða hin ýmsu geometrisku form, svo sem hringi og ferninga, í mismunandi litum sem svo mynda fallega heild þegar þeim er rædd saman á festi eða lokk.

Vörur Arkart-línunnar bera þess ljós merki að um vanan og reyndan arkitekt er að ræða með greinilegar fagurfræðilegar áherslur. Einfaldleikinn sem og regufestan er í fyrirrúmi, eiginleikar sem eru prýði bæði fyrir hverja einustu byggingu sem og fallega hönnun.

Geometrisk form, sem svo mikilvæg eru við mótnun fallegs umhverfis húsa og bygginga, einkenna hönnun Arkart-línunnar. En á sama tíma glæða hinir ýmsu ólíku litir hin einföldu form miklu lífi og tóna saman á skemmtilegan hátt. Allar vörur línunnar eru unnar frá grunni af Guðrúnu sjálfri. Vinnur hún töskurnar og skartgripina úr náttúrulegu, ólituðu sauðskinnsléðri.

Guðrún hafði lengi verið að vinna hluti úr leðri sér til yndisauka samfara störfum sínum sem arkitekt. Hana hafði dreymt um að geta eytt meiri tími í leðurhönnunina en það var ekki fyrr en harnaði á dalinum á Íslandi að sá tími gafst. Áhuginn á arkitektúr hefur þó aldrei dvínað.

Hún nam arkitektúr við hin Konunglega

Arkitektaskóla í Kaupmannahöfn, þaðan sem hún lauk námi árið 1986. Hóf hún vinnuferilinn hjá Guðna Pálssyni arkitekt en hóf sjálf rekstur eigin teiknistofu árið 1989 í samfloti við samstarfsmenn.

Að sögn Guðrúnar spanna verkefni hennar sem arkitekts allt litrófið, frá hönnun umhverfis til stóra bygginga. Mest hafi hún teiknað fyrir einkaaðila og þótt það skemmtilegustu verkefni þegar hún fengi að hanna allt umhverfi fólks; byggingu sem og innréttingar hennar, garða og jafnvel sumarbústaði.

Sala á vörulínunni Arkart hefur gengið afar vel að sögn Guðrúnar og tók hún meðal annars þátt í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur á dögunum. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um vörulínu Guðrúnar á [arkart.is](http://arkart.is) en hún er einnig til sölu í Listasafni Íslands og hjá Sæðisi Gullsmíðju við gömlu höfnina í Reykjavík.

[www.arkart.is](http://www.arkart.is)

-INH



» Fyrir sælkera á öllum aldri

## Gamla kaupfélagið

Veitingastaðurinn Gamla kaupfélagið er til húsa í gamla Barbró eins og sérstaklega eldri íbúar Akraness hafa kallað húsnæðið. Veitingastaðurinn er mitt í gamla bænum og í göngufjarlægð frá helstu gististöðum bæjarins. Stórir gluggarnir sem snúa út að götunni gefa gestum ferri á að virða fyrir sér mannlífið í bænum.

Staðurinn er bjartur og hlýlegur og leggja starfsmenn áherslu á að bjóða góða þjónustu. Veitingastaðurinn hefur frá því hann var opnaður verið vinsæll á meðal heimamanna og ferðamanna sem heimsækja bæinn við sjóinn. Fjölbreyttur matseðillinn ætti að höfða til allra aldurshópa en þar má m.a. finna inverskt salat, mexíkanska rétti svo sem quesadilla og nachos, úrval af ljúffengum kjúklingaréttum, pastarétti og holla og góða fiskarétti í bland við

safaríka nautapiparsteik og gómsæta hamburgara. Eldbakaðar pizzur að hætti hússins eru líka á matseðlinum. Humarréttirnir, sem boðið er upp á í Gamla kaupfélaginu, ættu ekki að svíkja neinn.

Tandoori ofn er á staðnum sem býður upp á að matreiðslumennirnir galdri fram ljúffenga rétti sem eiga uppruna sinn að rekja til Inndlands. Á staðnum er einmitt lögd áhersla á

spennandi nýjungar til að staðurinn höfði enn frekar til gesta hvort sem það eru heimamenn, ferðamenn sem eiga leið um bæinn og vilja fá sér eitthvað í svaginn, sælkera sem vilja smakka eitthvað nýtt og spennandi, fjölskyldur sem fara saman út að borða eða þór sem vilja eiga rómantísku stund yfir góðum mat.


Líflægur bar opnar í húsnæðinu eftir að búíð er að loka eldhúsinu og þar skemmta sér saman heimamenn og aðkomufólk.

Tekið er á móti stórum sem smáum hópum í sölu Gamla

kaupfélagsins, hvort heldur er í margrétta veislu eða skólahópa sem vilja gæða sér á eldbökuðum pizzum af hlæðborði. Starfsmenn geta þjónað til borðs alla að 170 manns í einu og á staðnum er allt til að gera árshátíðir eða brúðkaup þannig í garð að enginn ætti að gleyma kvöldinu. Starfsfólk vinnur einnig í samstarfi við alla helstu skemmtikrafta landsins en Gamla kaupfélagið er einmitt vel tækjum búíð er varðar hljóð og ljósakerfi.

[www.gamlakaupfelagid.is](http://www.gamlakaupfelagid.is)

-SJ







## » Hótel Flatey

# Eins og tíminn standi kyrr

Hótel Flatey er til húsa í gömlum pakkhúsum. Flatey var mikil verslunarmiðstöð fyrir Vesturland og er eyjan stærst af Vestureyjum svokölluðu á Breiðafirði.

Húsin hafa verið gerð upp og er gamli stíllinn látinn njóta sín. 13 herbergi eru á hótelinu og eru engin tvö eins hvort sem um er að ræða litina á veggjunum eða húsgögnin. Lögð er áhersla á að vera með gömlum húsgögnum fyrir utan að öll rúm eru nýleg. Nýttínd blóm eins og sóleyjar eru gjarnan í blómavösum. Myndirnar á veggjunum sýna t.d. hvernig þorpíð á eyjunni var í gamla daga og hvernig húsin voru áður en þau voru gerð upp en flest húsin eru notuð sem sumarhús eða jafnvel heilsárs-hús. Veitingastaðurinn á hótelinu tekur rúmlega 50 manns í sæti og er hann vinsæll á meðal hótelgesta sem og þeirra sem kjósa dagsferð út í eyjuna. Boðið er upp á morgunverð, hádegisverð, kaffi og meðlaeti og kvöldmat. Á meðal þess sem boðið er upp á er þorskur, bláskel, kræklingur og grásleppuhrogn sem starfsmenn hótelsins marinera sjálfir en þeir fá þau beint frá grásleppuveiðimönnum. Það er Sveinn Kjartansson, matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur, sem ræður ríkjum í eldhúsinu og hefur hann fengið mikið hrós fyrir góðan mat.

Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá yfir sumartímann og er hægt að fylgjast með því á heimasíðu hótelsins, [hotelflatey.is](http://hotelflatey.is), hvað er í gangi

hverju sinni. Tónlistarmenn koma gjarnan fram í matsal hótelsins þar sem er gott pianó og allt til taks til að hægt sé að taka á móti tónlistarmönnum.

### Náttúran, friðurinn og fuglalíf

Gestir upplifa stórbrotna náttúru, kyrrð og frið og fjölbreytt fuglalíf. Þeir upplifa fleira en því má líkja við að vera kominn um 100 ár aftur í tímann með því að dvelja í Flatey. Því ráða gömlu, uppgerðu húsin og enginn er þillinn á eyjunni nema kannski hótelbillinn en tilgangur hans er að aka með farangur hótelgesta frá bryggjunni, þar sem ferjan stoppar, og upp að hótelinu. Einstaka traktor ekur um eyjuna.

Umhverfið er ævintýralegt enda hafa verið teknar kvikmyndir í eyjunni þar sem segja má að eyjan sé eins og besta leikmynd. Það er einfaldlega hægt að ná réttu stemmningunni í Flatey. Engin steipt bygging hefur áhrif á heildarmyndina. Um 25 hús eru í eyjunni og eru flest í litla þorpinu. Önnur standa ein hér og þar á eyjunni.

Það var Guðjón Samúelsson, sem var húsameistari ríkisins, sem hannaði Flateyrarkirkju sem var byggð árið 1926. Baltasar Samper listmálari málaði hvelingu kirkjunnar með myndum sem vísa m.a. í sögu eyjarinnar auk þess sem hann málaði altarismyndina.

### Sagan

Saga Flateyjar er merkileg. Samkvæmt Landnámu bjó Þrándur mjóbeinn í Flatey. Svo má nefna Flateyjarbók en hún er stærst íslenskra skinnbóka og var skrifuð í lok 14. aldar. Eyjan var ein af miðstöðvum enskra duggara á síðari hluta 15. aldar en þeir stunduðu fiskveiðar og versluðu hér við land. Þarna bjuggu stórbændur en Flatey er eina eyjan í Breiðafirði þar sem myndast raunverulegt þéttbýli. Flatey var með öðrum orðum menningarsetur og verslunarsetur, samgöngumiðstöð og útgerðarþær en húsin í eyjunni eru verslunar- og íbúðarhús frá blómatíma Flateyjar í verslun og útgerð á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar. Jú, það má líkja því við að það sé eins og tíminn standi örlítið kyrr þegar komið er í eyjuna sem er 1850 metrar að lengd og 400 metrar þar sem hún er breiðust. Þetta er víst engin lygasaga - það virðist hægst á öllu. Það virðist jafnvel hægst á gestunum sem koma og dvelja í eyjunni - á hótelinu í gömlum pakkhúsum. Engin sjónverpu eru á hótelinu né útverpu og ekki koma dagblöðin þangað; það er ekki nema gestirnir sjálfir komi með eigin tæki til að fylgjast með gangi mála. Þarna ganga gestir um græn tún og malarvegi og bjóða góðan daginn. Eins og ekkert sé sjálfsagðara. Það er í þessari eyju þar sem fuglinn býr sér til hreiður við húsgafla þar sem maðurinn gengur fram hjá. Þessir fuglar eru ekki hræddir við manninn. Það er í þessari eyju sem maðurinn tengist náttúrunni. Og sögunni.

[www.hotelflatey.is](http://www.hotelflatey.is)

-SJ



## » Hvalaskoðun, sjóstangveiði, fuglaskoðun og margt fleira í boði

# Láki tours

Hvalir eru ótrúlega skemmtilegar skepnur, enda sækjast margir eftir því að komast í mikla nálægð við þessar stóru og kraftmiklu skepnur. Í Grundarfirði er hvalaskoðunarfyrirtækið Láki Tours sem býður upp á hvalaskoðunarfærðir frá Ólafsvík, en þaðan er mun styttra á viðurkenndar hvalaslóðir en frá Grundarfirði. Þeir sem fara í þessar færðir geta gert sér vonir um að sjá hnúfubak, hrefnur og höfrunga. Nýlega gengu 100 grindhvalir

inn á Breiðafjörð, og þeir létu ekki standa á því að leika listir sínar í hafinu fyrir þá gesti sem voru á hvalaskoðunarbát Láka Tour. Slík sjón er ekki algeng en er algjör happdrættisfengur fyrir þá sem ná að mynda slíka hvalahjörð. Ókeypis er fyrir börn undir 11 ára aldri í þessari færð og unglingar 11 til 16 ára borga hálf gjald.

Gísli Ólafsson segir að margt fleira sé boðið upp á hjá Láka Tour. „Við förum með fólk á sjóstangveiði

sem stendur í 2 – 2,5 tíma, en þar veiðist helst þorskur, ufsi og steinbítur. Við bjóðum upp á frá-bæra fuglaskoðun í Melrakkaey, en eyjan hefur verið friðuð frá árinu 1967, og þar er afar fjölskrúðugt fuglalíf, sem skilur engan sem í Melrakkaey kemur eftir ósnortinn. Þar er töluvert æðarvarp og mikið um lunda og sést hefur til þórshana. Ekki má heldur gleyma öllum sjófuglum en er krökkt af þeim í Melrakkaey. Við bjóðum upp á færðir allt árið, en á veturna ganga háyrningarnir inn í Grundarfjörð í hundruða tali. Háyrningarnir eru þá að koma inn á Breiðafjörð á eftir síldinni, sem gengur hingað inn í vaxandi mæli. Þekkt er ganga hennar inn á

Kolgrafarfjörð í fyrra þar sem um 50.000 tonn af síld dó vegna súrefnisskorts,” segir Gísli Ólafsson, sem jafnframt rekur Hótel Framnes sem er staðsett skammt frá höfninni í Grundarfirði.

Láki Tours er í samstarfi við rannsóknar fólk frá Hafrannsóknstofnunina sem er að ransaka hegðun háhyrninga og eru sérfræðingar um borð í ferðunum á veturnar til mynda háyrninga til að greina einstaklinga og að taka upp hljóð sem gestir í hvalaskoðun geta hlustað á um borð á meðan þeir skoða hvalina.

[www.lakitours.com](http://www.lakitours.com)

-GG

## » Staðarsveit býður upp á gönguleiðir, veiði og ölkeldusundlaug

# Gistiheimilið Kast

Gistiheimilið Kast er í landi Lýsudsals í Staðarsveit, í hjarta Snæfellsness. Það stendur við rætur Lýsuskarðs sem er fagurt skarð milli Lýsuhyrnu, austan megin og Ánahyrnu að vestanverðu. Nafnið er dregið af stað í nágrenninu þar sem fylfullar merar venja oft komu sína til að kasta földum.

„Hér er stutt í afar skemmtilegar gönguleiðir þar sem töfrandi náttúra Snæfellsnes nýtur sín til fullnustu,” segir Lydia Fannberg Gunnarsdóttir, eigandi staðarins. „Við erum með hestaleigu sem nýtur vaxandi vinsælda. Veiðimenn geta líka fengið sínar óskir uppfylltar, en stutt er í veiði í Lýsuvatni og Staðará þar sem hægt er að veiða lax, silung og sjóbirting. Gestir geta einnig farið um nágrennið, m.a.



að Arnarstapa og notið hrifandi klettaumhverfisins, og um leið og notið er fjölskrúðs fuglalífsins, en þar má sjá m.a. fylgjast með ritu, fyl, krúu og margra tegunda máva. Við Kast er stórt og gott tjaldsvæði

og kallast svæðið Á Eyrnum. Þar er mjög góð snyrtiaðstaða með sturtum og salernum og kkolagrill er á svæðinu. Á tjaldsvæðinu er einnig rafmagnstenging fyrir húsbíla og fellihýsi.



Við bjóðum upp á gott tjaldstæði sem kallast „Á Eyrnum” með góðri snyrtiaðstöðu, sturtum og salerni. Hægt er að kaupa aðgang í þvottavél og þurrkara og kolagrill er á svæðinu og á tjaldsvæðinu er einnig rafmagnstenging fyrir húsbíla og fellihýsi.

Í næsta nágrenni er sundlaug þar sem gestir synda í ölkelduvatni, en ölkelduvatnið hefur mjög græðandi áhrif á húðina, sérlega gott fyrir þá sem eru með húðsjúkdóma af ýmsu tagi, og svo má einnig drekka það kælt,” segir Lydia.



Allt brauð heimbakað Á Gistiheimilinu Kastu eru sextán uppábúin tveggja manna herbergi. Herbergin eru rúmgóð og því er auðveldlega hægt að bæta við fleiri rúmmum og gera þau að fjölskylduherbergjum. Gengið er inn í stærri herbergin utan frá, þau eru með sérbaðherbergi með sturtu. Minni herbergin nýta sameiginlegan inn-ganga, tvö og tvö. Þau nýta einnig á sama hátt baðherbergi með sturtu. Einnig er boðið upp á svefnpoka-pláss í tveimur fjögurra manna herbergjum þar er eldunar- og salernisaðstaða. Hægt er að kaupa nettengingu í móttökunni.

Gistiheimilið er með glæsilegan veitingasal sem rúmar 50 manns. Þar er boðið upp á ýmsa léttu rétti og kræsingar sem gerðar eru frá grunni í eldhúsi Kasts. „Allt brauð er bakað á staðnum svo í morgunmat er boðið upp á nýbakað brauð. Að sjálfsögu er einnig boðið upp á hádegis- og kvöldverð, en í sumar hefur verið töluverð aukning í því,” segir Lydia Gunnarsdóttir.

[www.kastguesthouse.is](http://www.kastguesthouse.is)

-GG





» Reykhóladagar með fjölbreyttri dagskrá

# Reykhólahreppur

Fagrar hlíðar, fjöll og sjórinn sjálfur er í næsta nágrenni við Reykhóla. Hin umhverfisvæna Þörungaverksmiðja er þungamiðja samfélagsins og út úr henni blæs gufustrókur sem setur sterkan svip á svæðið. Reykhólahreppur hefur verið að skapa sér sérstöðu varðandi þara og nýttjar og hlunnindi svæðisins og hvað ferðabjónustuna varðar er þarinn einmitt notaður í Sjávarsmiðjunni þar sem boðið er upp á þaraböð og heilsu-böð. Ýmsar áhugaverðar vörur eru seldar í Sjávarsmiðjunni svo sem þarabadsalt, þarasápur og þaratöflur.

Heita vatnið er líka sérstaða svæðis-ins en hverir eru víða á Reykhólum þar sem er glæsileg sundlaug sem og heitir pottar.

Glæsileg Bata- og hlunnindasýning er í gamla mjólkurbúshúsinu á Reykhólum þar sem einnig er upplýsingamiðstöð. Þar hefur verið hlunnindasýning til margra ára en nýlega var sú sýning sameinuð sýningu áhugamannsfélags um bátasafn á Breiðafirði. Það er svölftú eins og að koma inn í gamla tímann með því að stíga inn í gamla mjólkurbúshúsið - þar eru bátar, uppstoppaðir æðafuglar standa þar og sýnt er hvernig dúnninn er verkaður. Stundum er verið að gera upp báta á staðnum þannig að segja má að sýningin sé vissulega lifandi. Kaffihús er á staðnum. Á Reykhólum er rekið gistiheimilið Álftaland, þar sem er stórt tjaldsvæði með góðri aðstöðu, og einnig er tjaldsvæði við Grettislaug.

Margar áhugaverðar gönguleiðir eru í nágrenninu og geta ferðamenn fengið kort af svæðinu á upplýsingamiðstöð-inni og upplýsingar um hvert er best að fara. Þar má nefna hin til komumiklu Vaðalfjöll sem sjást víða að og eru ták-nær fyrir sveitarfélagið.



Fuglalífið á Reykhólum er sérstakt en þar má m.a. sjá t.d. hin sjaldgæfa flór-göða, lóminn og fáséðar endur og oft má sjá haförninn svifa hátt yfir byggð.

Algengt er að sjá ljósmyndara með myndavélar og langar linsur sem ætla að fanga fuglana á filmu - eða stafræn-ar myndavélar.

### Reykhóladagar

Reykhóladagar eru haldnir 25. - 28. júlí og er boðið upp á fjölbreytta dagskrá. Frítt er inn á Bata- og hlunnindasýn-inguna. Föstudaginn 26. júlí verður t.d. kassabílakeppni, þrautabraut hverfanna og spurningakeppni í íþróttahúsinu. Laugardaginn 27. júlí verður t.d. þarabolti, akstur dráttarvéla um Reykhóla, keppni í baggakasti, markaður verður í matsal Reykhólstskóla, ævintýraleikritið um Búköllu verður í Hvanngarðabrekku, kvöldskemmtun í íþróttahúsinu og um kvöldið verður dansleikur í íþróttahúsinu með hljómsveitinni Nýja band keisars-ans. Sunnudaginn 28. júlí verður fjör í Grettislaug, sönguganga um Reykhóla og leikrit um Sigvalda Kaldalóns í setustof- unni í Barmahlíð.

### Eitthvað við allra hæfi

Það er margt að sjá og skoða í Reykhólahreppi fyrir utan Reykhóla. Upplýsingamiðstöð, kaffihús og hand-verksmarkaður er í Króksfjarðarnesi auk Össuseturs sem er rannsóknasetur og sýningum örninn. Bjarkarlundur er í um 15 km fjarlægð frá Reykhólum þar sem rekið er glæsilegt hótél og veitingastaður en þaðan er stutt í fallegar gönguleiðir. Bjarkalundur er eitt af elstu hótélum landsins. Nefna má ferðabjónustuna í Djúpadal en þar er einnig sundlaug.

Eyjasigling siglir með ferðamenn um eyjar Breiðfjarðar auk Flateyar, perlu Breiðafjarðar, sem er upplifun út af fyr- ir sig.

Reykhólahreppur unaður aug- ans, má með sanni segja. (Slagorð hreppsins).

[www.heimasíða.is](http://www.heimasíða.is) -SJ



» Þaraböð Sjávarsmiðjunnar á Reykhólum

# Fullkomin slökun

Sífellt færirst í vöxt að fólk leiti leiða til að rækta og bæta heilsu sína í fríum. Sjávarsmiðjan á Reykhólum er ný þjónusta þar sem njóta má slökunar og hvíldar meðan líkaminn endur-nærst með hjálp hollra efna í þaranum. Þetta enn eitt frábært dæmi um hvernig hin einstaka náttúra Íslands gleður og nærir líkama og sál þeirra sem ferðast um landið.

Þari hefur fyrir löngu sannað gildi sitt sem náttúruleg heilsubót. Íslendingar hafa lengi ýmist tekið hann inn eða borið á líkama sinn. Þarinn hefur sóttþreinsandi og bólgueyðandi virkni auk þess að vera græðandi og mýkjandi.

### Heitir lindir, ferskvatn og þari

Á Reykhólum eru heitar lindir og gnótt ferskvatns. Þegar þessar auðlindir eru samtvinnaðar við þaramjól framleitt í Þörungarverksmiðjunni á Reykhólum skapast heilsulind sem á fáa sína líka í heiminum. Í laugunum er sírennsli þannig að vatnið endurnýjast stöðugt og varla er hægt að hugsa sér einfaldari og eðlilegri aðferð til að njóta baða. Hitinn í vatninu slakar á stífum vöðvum og útsýnið yfir Breiðafjörð og eyjarnar óteljandi kyrrir hugann.

Þessi paradís er aðeins í rúmlega tveggja tíma akstursfjarlægð frá höfuðborginni. Ósnortin

náttúra, fjölbreytt fuglalíf og skemmtileg tengsl staðarins við sögu landsins gera þetta að eftir-sóknarverðum áfangastað. Hér þar Grettir sterki uxu upp úr fjörinni og var samtíða þeim fóstbræð- um Þorgeiri Hávarsyni og Þormóði Kolbrúnarskáldi og hér sátu héraðshöfðingjar um aldir.

### Næring fyrir líkama og sál

Heilsutengd ferðabjónusta er vaxandi og spennandi grein sem skapar ótal möguleika. Sjávarsmiðjan er frumkvöðlafyrirtæki sem nýtir þara á nýstárlegan og fjölbreyttan hátt til meðferðar og almennrar heilsubótar fyrir fólk á öllum aldri. Þaraböð Sjávarsmiðjunnar stuðla að vellíðan gesta meðan þeir slaka á um leið og þeir geta virt fyrir sér einstaka náttúru á Reykhólum.

Sjávarsmiðjan kappkostar að bjóða gestum sínum velkomna í notalegt umhverfi í gömlu verkstæði sem gert hefur verið upp til að halda í tengingu við sjó, vatn og sögu staðarins. Gestir geta þannig bæði notið slökunar í þaraböðum eða eingöngu sest niður í kaffi yfir skemmti- legu útsýni við Breiðafjörðinn.

[www.sjavarsmidjan.is](http://www.sjavarsmidjan.is) -St.5



» Gistiheimili, þaraböð, nudd og spa

# Álftaland

Boðið er upp á gistingu á Álftalandi á Reykhólum. Í húsinu eru 10 herbergi þar sem hægt er að fá uppáþúin rúm eða velja svefn-pokapláss. Um er að ræða bæði eins manns, tveggja manna og fjölskylduherbergi. Boðið er upp á morgunmat og einnig er hægt að fá tilbú-inn kvöldmat fyrir hópa sem þarf að panta með fyrirvara. Gestir geta líka nýtt sér sameiginlegt eldhús og eldað sinn mat sjálfir.


Á Álftalandi eru heitir pottar og gufubað fyrir gesti og einnig er hægt að fara í þarabað, nudd og þaraskrúbbspameðferð. Þess má geta að vatnið í

heitu pottunum er fengið úr náttúrulegum hver sem er staðsettur rétt við húsið.

Opíð er allt árið sem er tilvalið fyrir starfshópa og aðra hópa eins og t.d. saumaklúbba að eiga góða stund á fallegum stað þar sem útbúinn er glæsilegur kvöldmat. Lambakjötíð sem boðið er upp á er beint frá býli.

Um 800 fermetra tjaldsvæði er við húsið þar sem er aðgengi að sturtum, heitum pottum, gufubaði og leiksveiði fyrir börnin.

[www.alfतालand.is](http://www.alfतालand.is) -SJ



» Skáleyjar, Hvallátrur og Flatey

# Eyjasigling

Eyjasigling býður upp á ferðir til 20. ágúst til Skáleyja, fram hjá eyjaklasanum Hvallátrum og til Flateyar í Breiðafirði. Siglt er á bátnum Súlnni frá höfninni á Stað á Reykjanesi sem er um 10 km. fyrir vestan Reykhóla. Auk þess er boðið upp á klæðskerasaumaðar ferðir fyrir utan þessa leið og þarf þá að panta með nokkurra vikna fyrirvara.

### Eyjasigling sér um leiðsögn

Hvað föstu siglinguna varðar, sem farin er daglega klukkan hálfellefu og fjögur, þá er siglt út í Skáleyjar og tekur ferðin þangað

um hálf tíma. Farþegar skoða vísi að safni í Skáleyjum þar sem skoða má innbú ábúenda í eyjunni frá fyrri tímum. Þá er gengið um eyjuna og sagt frá búskaparháttum og lífinu í eyjunni.

Næst er siglt fram hjá eyjaklas-anum Hvallátrum. Siglt er nálægt Hrólfsklett og fuglalífið skoðað en þar má sjá ritu, skarf, lunda og múkka. Næst er siglt í gegn- um Hafnarsundið og síðan áram að Kloftingi en einn elsti viti á landinu, sem var byggður árið 1927, er á eyjunni. Stór hluti af toppskarf í Breiðafirði verpir í eyjunni.

Næst er siglt að Flatey þar sem far-ið er í land. Farþegar byrja yfirleitt á því að fara inn í Bryggjubúðina sem er krambúð að gamalli gerð þar sem m.a. er hægt að kaupa kaffi og bækur. Leiðsögumaðurinn leið- ir síðan hópinn um eyjuna í um klukkutíma og er m.a. farið í kirkju- una og bókhölduna sem var önnur í röðinni af bókasöfnum sem reist voru á Íslandi. Stundum er klaust- ursteinninn á Klausturhólum skoðaður en á staðnum var stofn- að klaustur árið 1172.

Þar næst fer leiðsögumaðurinn með hópinn í bæinn á eyjunni.



Gömlu húsin, sem þar standa, eru skoðuð og þar næst er farið í Hrólfsklett og fuglar skoðaðir.

Hópurinn endar yfirleitt á því að fara á veitingastaðinn á Hótél Flatey. Þá er siglt til baka til

hafnarinnar á Stað og geta farþegar á leiðinni notið fegurðarinnar sem Breiðafjörður og eyjarnar óteljandi hafa yfir að ráða.

[www.eyjasigling.is](http://www.eyjasigling.is) -SJ





Fullvaxinn örn hvíllir lúin bein



Lundar á Látrabergi



Straumendur sjást gjarnan á Vatnsdalsá í Vatnsfirði



Toppskarfur í fullum skrúða



Ríta á flugi við Látrabjarg



Flórögðapar. Slíkir fuglar stofna oft til hreiðurgerðar á Reykhólum

## » Fuglar við norðanverðan Breiðafjörð Paradís fuglaskoðara

Breiðafjörður er víðáttumikill og grunnur flói. Þar er mikið grunnsvævi og meiri sjávarföll en annars staðar við landið. Talið er að fjórðungur allra fjara landsins sé við Breiðafjörð. Mikill fjöldi eyja, hólma og skerja er á firðinum og eru eyjar Breiðafjarðar taldar óteljandi, þó að sumir haldi fram að þær séu um 2500. Fjörðurinn er eitt þýðingarmesta svæði landsins fyrir

fugla, enda njóta eyjar og innri hluti fjarðarins verndar samkvæmt sér-tökum lögum. Fuglalífð einkennist af fuglum sem eiga allt sitt undir sjónum og verpa í stórum byggðum. Breiðafjörður er höfuðvígí arnarins og þar hélt hann velli þegar honum hafði næstum verið útrýmt á Íslandi um miðja síðustu öld. Mjög mikið er af æðarfugli og þetta er ríki hvítmáfsins á Íslandi.

**Borgarland og Reykhólar** Strandlengjan við norðanverðan Breiðafjörð er paradís fuglaskoðara, sem og annarra náttúruunnenda. Við ætlum að ferðast frá austri til vesturs og hefjum ferðina í Króksfirði. Milli Króksfjarðar og Berufjarðar er fallegt nes, Borgarland. Landslagið er prýtt tjörnum, mýrum og klettaborgum og útsýni til margra átta er gott. Tjarnirnar og votlendið laða til

sín fjölbreytt fuglalíf, gróðurfarið áhugavert og víða er að finna sjávarminjar uppi á þurru landi. Á þessum stað sá höfundur í fyrsta sinn konung íslenskra fugla, haförninn, en óvíða eru meiri líkur á að rekast á þennan tignarlega fugl en á þeim slóðum sem við ferðumst um í þessum pistli.

Næsti viðkomustaður eru Reykhólar. Á svæðinu neðan við Reykhóla er bæði víðáttumikið mólendi og mýrlendi og tjarnir og vötn þar sem ýmsar fáséðar fuglategundir halda sig. Fuglaskoðunarstígar hafa verið lagðir frá sundlauginni

á Reykhólum, Grettislaug, um mýrar og móa að Langavatni og Neðravatni. Við Langavatn er fuglaskoðunarhús. Þarna verpa m.a. flórögði, lómur, hávella, jaðrakan, spói, óðinshani og rjúpa.

**Firðirnir** Þessu næst tekur við aragrúi fjarða með afar fjölbreyttu fuglalífi. Leirur eru í fjarðarbotnunum sem koma í ljós á fjöru. Þúsundir fargesta koma við í þessum fjörum á leið milli varpstöðva á Grænlandi og Íshafseyjum Kanada og vetrarstöðva í Evrópu og Afríku. Þeirra

á meðal eru margæs, rauðbrystingur, sanderla og tildra. Það hefur verið áratía Vegagerðarinnar að stífla þessa firði eða leggja vegi um leirurnar. Gilsfjörður var m.a. eyðilagður á þann hátt. Íslenski músarrindillinn syngur víða í kjarrinu í fjörðunum. Hann er einlend undirtegun, sem gæti orðið að sérstakri tegund innan skamms. Sendlingar verpa á heiðum og hálsnum milli fjarðanna.

Vestasti fjörðurinn er Vatnsfjörður. Hann er sérstakt náttúruverndarsvæði. Um tuttugu tegundir fugla halda sig í friðlandinu að staðaldri. Mikið er af æðarfugli á firðinum. Straumendur

halda til á Vatnsdalsá, frá útfalli hennar úr Vatnsdalsvatni til sjávar á vorin og fram eftir sumri. Þær geta skipt tugum í maí. Einnig sjást straumendur á efri hluta árinna sem rennur í vatnið. Ein himbrimahjón verpa venjulega á Vatnsdalsvatni og þar verpa einnig toppendur. Örn og fálki eru oft á ferðinni og verpa nærri. Nokkuð er um hagamýs, ref og mink en auðveldara er að koma auga á selina sem gjarnan flatmaga á skerjunum við Hörgnesið. Hagavaðall og Raudisandur eru mikilvægir viðkomustaðir farfugla og þar er einnig fjölbreytt varpflugafána.

**Látrabjarg** Útvörður Breiðafjarðar í norðri er Látrabjarg, næstvestasti oddi Evrópu. Það er ógleymanleg upplifun að koma akandi á Bjargtanga, koma og fara og iðka sitt fjölskyldu í heim í návígi. Hvergi er þetta að skoða lunda en á Bjargtöngum og er lundinn óvíða spakari. Þetta er einn besti lundaskoðunarstaður í heiminum, þar er hægt að taka nærmynd af

lunda með víðhornslinu. Álkur eru einnig í brúnum, en neðar í bjarginu eru langvía og stuttnefja í bælum svo skiptir tugum þúsunda, en fýll og rita eru dreifðari. Staersta álkubyggð í heimi er í Stóruvönd undir Látrabjargi, sem gengur í sjó fram og sýslan ber nafn sitt af. Í urðum undir bjarginu gerir teistan sér hreiður en hún er ekki eiginlegur bjargfugl. Íbúar bjargsins eru sennilega vel á þriðju milljón. Undir bjarginu synda virðulegir æðarfuglar, litskrúðugar straumendur og toppskarfar reigja

sig á klöppum og skerjum. Skúmar, kjóar og súlur sjást tíðum á flugi. Á fjöru flatmaga útselir á klöppum og stundum sjást hvalir blása eða bylta sér við bjargið. Á síðkvöldum skoppa í tofan fram á brún og vippar sér niður fyrir hana til að ná sér í fugl. Að sjálfsögðu ber að sýna náttúrunni fulla virðingu og trufla ekki varpugla við hreiður eða styggja þá á annan hátt.

Gleðulega fuglaskoðun!

[www.stykkisholmur.is](http://www.stykkisholmur.is)

JÓH





» **Hótel Látrabjarg**  
**Fyrsta flokks sveitahótel**

Úti við ystu höf landsins, við ægifagra vík, stendur reisulegt og falllegt hótel. Bernafnið Hótel Látrabjarg. Staðsett í Örlygshöfn við sunnanverðan Patreksfjörð aðeins steinsnar frá einhverri stórbrotuustu náttúruperlu vestfjarða, Látrabjargið sjálft. Fjórtnán kílómetra langt og 440 metrar á hæð, talið fjölmennasta fuglabjarg Evrópu.

Hótel Látrabjarg hefur yfir að ráða tveimur byggingum, gístiaðstöðu annars vegar og veitingaaðstöðueldhúsi og móttöku hins vegar. Saman mynda húsin notalegt fjölskylduhótel sem býður gestum sínum persónulega þjónustu,

rúmgóð og falleg herbergi. Mikill munaður er að vakna á morgnanna, líta út um gluggann og njóta dásemdanna sem bera við augu.

**Afþreying og óvæntir gestir**

Við hótelið er yndisleg baðströnd með ljósum sandi og tærum sjó sem mjög gott er að stunda sjósund í vegna þess hve þar er aðgrunnt. Mega gestir eiga von á óvæntum gestum við sundtökin en nokkuð er um að hnúfubakar stingi upp kollinum ekki langt frá landi.

Stutt er yfir á Rauðasand, í sund á Patreksfirði, fossinn Dynjanda, Byggðasafnið á Hnjóti,

golf, sjóstangveiði auk þess sem mikið er um spennandi gönguleiðir og heitar náttúrulegar í nágrenninu sem gaman er að heimsækja.

**Hollur og góður heimilsmatur**

Veitingasalan á Hótel Látrabjarg býður upp á fjölbreyttan morgunverð og svo 3 rétta matseðil á kvöldin. Lögð er áhersla á hollan og góðan heimilsmat sem hefur fallið vel í kramið hjá gestum. Veitingasalur Hótel Látrabjargs tekur allt að 40-50 manns í sæti og eru ýmsir möguleikar fyrir stærri og minni hópa í boði. Meðal annars er hægt er að leigja

veitingasalinn en þar er fyrirtaks aðstaða til að troða upp, hafa hljómsveit og skella til dæmis upp góðu balli!

Rétt er að geta þess að ekki er tekið á móti ættarmótum og stórafmælum fyrr en eftir háannatíma sumarsins, frá miðum júní til ágústloka, en fyrir og eftir þann tíma eru slíkar bókanir í boði. Einnig er mögulegt að leigja hótelið/veitingar utan almenns opunar tíma eða eftir samkomulagi.

Hótel Látrabjarg er fyrsta flokks sveitahótel og veitingahús með áherslu á gæði í gistingu, veitingum og þjónustu, opið frá 1.júní -1.september.

[www.latrabjarg.com](http://www.latrabjarg.com) -SP



» **Hótel Djúpavík**  
**Svolítill ævintýrastaður**

Það er eins og það sé svolítill ævintýrablaer yfir Djúpavík á Ströndum. Þarna iðaði allt af lífi og fjöri á síðustu öld í kjölfar byggingu glæsilegrar síldarverksmiðju á þriðja áratug síðustu aldar. Slíkur var mannfjöldinn að sumir sem unnu síldina gátu ekki gíst í húsunum á staðnum heldur var gíst í fyrrum farþega- og flutningaskipinu Suðurlandinu sem var bundið við festar.

Fjöldi síldarstúlkna bjó í Kvennabragganum svokallaða. Eftir að síldin fór og verksmiðjunn

var lokað á sjötta áratugnum breyttist staðurinn mikið. Það var svo árið 1984 sem hjón að sunnan, Eva Sigurbjörnsdóttir og Ásbjörn Þorgilsson, festu kaup á Kvennabragganum, gerðu húsið upp og breyttu því í hótel. Þau höfðu áður fest kaup á verksmiðjunni.

Á Hótel Djúpavík er boðið upp á gistingu í tveggja manna herbergjum auk þess sem svenfopkapláss er í tveimur minni húsum á staðnum. Lögð er áhersla á að hafa hótelið hlýlegt og svolítið haldið í gamla

stílinn. Þar er boðið upp á morgunverðarhlaðborð og yfir daginn er hægt að velja um gómsætar veitingar: Kaffi og kökur, grillaðar samlokur, smurt brauð og súpu með heimabökuðu brauði. Gestir geta síðan gætt sér á gómsætum kvöldmat í hlýlegum salnum á hótelinu.

Sögusýning Djúpavíkur er í vélasíldarverksmiðjunnar auk þess sem þar stendur yfir samsýning sjö ljósmyndara. Hjónin sem eiga hótelið eru að gera verksmiðjuna upp sem er vinsæll viðkomustaður þeirra sem

eiga leið til Djúpavíkur - hvort sem þeir gista á hótelinu eða ekki. Gestir geta skoðað hluta hennar á eigin vegum en annars er leiðsögn tvisar á dag, klukkan 10 og 14, og er þá gestum sögð saga verksmiðjunnar. Suðurlandið, sem fólk bjó áður í, liggur ryðgað við land og gefur staðnum enn meiri ævintýrablaer en ella. Götin í skipsskrokknum minna svolítið á listaverk frá náttúrunnar hendi.

Það má líkja því við að vera í ævintýri að ganga um staðinn - svo ekki sé

minnst á verksmiðjuna. Náttúran skartar sínu fegursta á svæðinu og getur gönguþólk valið um fjöldann allan af gönguleiðum. Sú þekktasta er Djúpavíkurhringurinn svokallaði en gengið er frá Djúpavík upp á hamarinn fyrir ofan þorpið og er leiðin stíkuð. Um eins og hálf til tveggja tíma göngu er að ræða. Djúpavíkurfoss er í leiðinni og er út-sýnið þaðan stórkostlegt í góðu veðri. Fjallstindar í fjarska blasa þá við.

[www.djupavik.com](http://www.djupavik.com) -SJ



» **Skoða hnúfubaka á víkingaskipi í stuttri siglingu frá Bíldudalshöfn**

**EagleFjord**

EagleFjord er ferðaþjónustufyrirtæki á Bíldudal við Arnarfjörð sem býður upp á fjölbreytta þjónustu fyrir ferðamenn. Eitt af því sem boðið er upp á eru siglingar um Arnarfjörð, sem stundum er kallaður fegurstur vestfirska fjarða.

Stutt er í hvaðaskoðun þar sem hnúfubakar er helsta hvalategundin. Jón Þórðarson segir að hjá EagleFjord þurfi ekki oft að fara langt til að sjá hvali,

stundum aðeins 4 mínútna sigling frá Bíldudalshöfn og margir kunni ákaflega vel að meta að hægt er að fara á víkingaskipi sem undirstriki vel nálægðinga við hafið og náttúruna, oft eru hvalirnir alveg við borðstokkinn.

Söguferðir á slóðir Gísla Súrssonar í Geirþjófsfirði eru einnig á dagskrá þar sem saga og náttúra spila saman. Við þjónum einnig leiðsögn þeim sem vilja sjá hvar Gísl

í Uppsölum í Selárdal fæddist og bjó, segjum sögu listamannsins Samúels Jónssonar og fjöllum um kumlin í Hringisdal og bjóðum í ferðum Tálknafjörð.

**Sögurnar lifna við**

Í öllum þessum ferðum leggjum við áherslu á að hafa söguna lifandi, þá er ekki alltaf nauðsynlegt að það sé sólskin, náttúran á Vestfjörðum er svo hrífandi og vestfirsku fjöllin svo tignarleg að ég fullyrði að ekkert


stenst samanburð við þau," segir Jón Þórðarson hjá EagleFjord.

Jón Þórðarson ferðamálafrömuður á Bíldudal hefur tekið við rekstri Skrímslaseturisins og eftir þar veitingarekstur þar sem áherslan er ekki bara á matinn sem borinn er fram, heldur ekki síður upplifun gesta. Grillferðir EagleFjord eru einnig einstakar þar sem boðið er upp á grillveislur út í náttúrunni, fundinn er fallegur staður og sest niður. Margir nota þá einnig tímann og fara í gönguferðir. Í Skrímslaseturinu er fjallað um skrímslin í Arnarfirði enda segir Jón að hvergi á landinu sé

eins mikið af sjóskrímslum og í og við Arnarfjörð!


„Það að sýna fólki alla þá athyglisverði staði og ferðir sem fólki stendur til boða hefur hjálpað mér að sjá þetta með öðrum augum, upplifa náttúruna á nýjan hátt enda var ég ekki að njóta þess áður fyrr þegar ég var sjómaður þar sem siglt var inn og út Arnarfjörð. Ég er afar glaður með og met það sem fyrir augu ber hér sem ég var vanur áður fyrr að taka sem sjálfsgaðan hlut," segir Jón Þórðarson á Bíldudal.

[www.eaglefjord.is](http://www.eaglefjord.is) -GG



**Frábær staður til að heimsækja**

- Fjölbreytt dýralíf
- Fjöldi gönguleiða
- Öflug ferðaþjónusta
- 3 ára afmæli Melrakkaseturs Íslands verður 9 júní nk.
- Inndjúpsdagurinn verður 3 ágúst nk.
- Bláberjadagar verða haldir 16 – 18 ágúst nk.







» Melrakkasetur Íslands

## Fyrsti landnemi Íslands

Heimskautarefurinn er heillandi skepna. Í lok síðustu ísaldar ferðaðist hann yfir frosið hafid og fann sér gríðarstað hér á þessari hrjóstrugu eyju á hjara veraldar. Heimskautarefurinn er eina infædda íslenska landspendýrið og fyrir þær sakir hefur hann verið löngum verið rannsóknar- og áhugaefni leikra jafnt sem lærðra. Árið 2010 opnaði sérstakt rannsóknarsetur á Súðavík tileinkað refnum. Staðsetningin er vel við hæfi enda er refurinn einkennisdýr svæðisins.

### Einstök sýning á friðsælum stað.

Melrakkasetur er til húsa í 120 ára gömlu býli, elsta húsi Súðavíkur, sem bæjaryfirvöld ákváðu að gera upp til að styrkja verkefnið. Húsið er ákaflega fallega staðsett á milli þess sem bæjarbúar kalla „gamla“ bæinn og vísar til byggðarinnar sem varð undir í flóðinu 1995 og „nýja“ bæjarins sem reis í kjölfarið. Setrið

er bæði fræða- og menningarsetur og heldur úti umfangsmikilli sýningu tileinkaðri heimskautarefnum en sýnir jafnframt list og handverk eftir listamenn frá svæðinu. Meginhlutverk Setursins er að safna og varðveita hvaðeina markvert tengt refnum og aldagömlu sambandi hans við manninn en jafn ótrúlega og það hljómar eru refaveiðar elsta launaða starf á Íslandi.

Sýningin skiptist í þrjá hluta; líffræði refsins, refaveiðar fyrr og nú og veiðimenn, þar sem má meðal annars lesa persónulegar frásagnir veiðimanna og líta ýmsan búnað tengdan veiðunum. Öðru efni er miðlað í gegnum texta og myndskreið en auk þess er töluvert af uppstoppuðum dýrum til sýnis. Gestir fá leiðsögn um sýninguna sem er sú eina sinnar tegundar á Íslandi og er opin allan ársins hring. Setrið er fyrst og fremst vettvangur rannsóknar og fræða og hefur sem slíkt til að mynda

eftirlit með stærð refastofnsins en býður auk þess uppá sérstakar refaskoðunarferðir í samvinnu við ákveðnar ferðaskrifstofur. Auk þess starfar setrið í anda umhverfissvænnar ferðamennsku og fylgist með áhrifum ferðamanna á refastofninn og umhverfi hans.

Setrið rekur lítið notalegt kaffihús, Rebbakaffi, þar sem boðið er uppá heimabakað bakkelsi og léttá rétti. Á góðum degi er tilvalið að fá sér sæti úti á verönd með kaffibolla og njóta útsýnisins til fjalla og sjávar. Rebbakaffi býður gestum ókeypis internetaðgang og á föstudagskvöldum myndast gjarnan skemmtileg stemming á efri hæðinni þar sem lifandi tónlist er leikin. Á laugardögum í sumar verður svo brúðuleikhús fyrir yngstu gestina þar sem þekktir refir troða upp og skemmta og fræða.

www.melrakk.is

-St.5



» Súðavíkurhreppur

## Fullur hreppur af heimildum & sögu

Súðavíkurhreppur er gríðarlega landmikill hreppur. Eina þéttbýlið er í Súðavík í Álftafirði þar sem búa um 200 manns, en annars nær hreppurinn frá botni Ísafjarðar við innanvert Ísafjarðardjúpi (Djúpinu) og að Brúðarhamri í Álftafirði.

Innan vébanda hreppsins eru hinsvegar margir firðir í Djúpinu og væntanlega fallegar sögur sem tilheyra hverjum og einum. Þarna eru hálfur Ísafjörður, Mjóifjörður, Reykjarfjörður, Vatnsfjörður, Skötufjörður, Hestfjörður, Seyðisfjörður og Álftafjörður sem er þekktur fyrir einstaka náttúrufegurð. Inn af botni Álftafjarðar er einnig að finna fjölbreytt gróðurfar og dýralíf. Inn úr botni fjarðarins ganga tveir stuttir dalir, Hattardalur og Seljalandsdalur en úr þeim síðarnefnda má ganga yfir í bæði Önundarfjörð og Dýrafjörð.

Kirkjur má finna nokkrar, má nefna Súðavíkurkirkju og Ögurkirkju, sem státar af altaristöflu málaðri 1889



af danska málaranum Anker Lund, - sem málaði ma. líka altaristöflu Sauðárkrókskirkju Vatnsfjarðarkirkju og loks Eyrarkirkju í Seyðisfirði. Í kirkjugólfi Eyrarkirkju er hleri sem hægt er að opna og finna undir legstein með ártali frá því um árið 1600.

Frá Súðavíkurhrepp er stutt til margra áhugaverðra staða á Vestfjörðum. Ísafjörður, höfuðstaður Vestfjarða er aðeins í 20 km fjarlægð og má þaðan fara til dæmis yfir á Hornstrandir eða heimsækja nálæga kaupstaði eða eyjur. Eyjur á Ísafjarðardjúpi eru Æðey, Vigur og Borgarey sem er minnst og innst.

Í Borgarey er bæði æðarvarp og mikil landbyggð en takmarkaður aðgangur að ferskvatni hamlar byggð þar.

Æðey, gróin og lágland dregur nafn sitt af góðu æðarvarpi sem þar er að finna. Í Æðey var eitt sinn kirkja og síðar bænhús. Hún tilheyrir í dag Unaðsalssókn en tilheyrði áður

### Brúðarhamar

Til er ævagömul saga af Brúðarhamri en þar áttu gjafvaxta bóndadóttir og þræll að hafa elskast í hinsta sinn áður en þrællinn var veginn.

Snæfjallasókn og var þjónað þaðan. Í eygni er góð lending en alla þriðjudaga og föstudaga eru ferðir þangað frá Ísafirði. Þar hefur verið mönnum veðurathugunarstöð síðan 1946.

Eyjuna Vigur (sem dregur nafn sitt af af spjótlaga lögum sinni) er einnig hægt að heimsækja og tekur sigling frá Ísafirði rúman hálf tíma. Þess má geta að elsta byggingin í Vigur er vindmylla byggð um 1840, nú í vörslu Þjóðminjasafns Íslands oog er hún sú eina sem enn er uppistandandi á Íslandi.

www.sudavik.is

-SP



Bræðrabrekka • 500 Staður

+354 451 3360 / +354 857 4800

www.facebook.com/kjorbudin

## Kjörbúðin Óspakseyri

Kjörbúðin Óspakseyri er hefðbundin nýlenduvörverslun í anda gömlu kaupfélaganna, en þar er einnig starfrækt upplýsingamiðstöð og boðið upp á internetaðgang. Verslunin sjálf hefur svo á boðstólum allt milli himins og jarðar; skóreimar, gamlar bækur, kaffi og kökur, gamlar skyrtur og vinniplötur svo eitthvað sé nefnt. Antíkvörur í sérflokki! Gamlir kjólar, bollar, diskar og gjafavara...láttu þetta einstaka verslunartækifæri ekki renna þér úr greipum!

Kjektu við!



## Hlaðan

### Kaffihús

Notalegt kaffihús, sem býður upp á súpu, brauð, kökur og drykki. Yndisleg staðsetning á besta stað með útsýni yfir sjóinn. Opið mánudaga-laugardaga frá klukkan 09:00-21:00, sunnudaga frá klukkan 10:00-21:00.

Verið velkomin!

Brekkgata 2 • 530 Hvammstangi +354 451 1110 hlaðan@simnet.is





» Sveitarfélagið Skagaströnd

# Þar sem ævintýrin gerast

Sveitarfélagið Skagaströnd við austanverðan Húnaflóa telur um 520 íbúa. Bærinn stendur á láglandi milli Spákonufells og Spákonufellshöfða sem gengur í sjó fram og liggur norður-suður með ströndinni. Víkur eru bæði norðan og sunnan Höfðans. Byggðin stendur við syðri víkina og þar er höfnin. Spákonufell setur vegna sérstaks útlits ákveðinn svip á bæjarstæðið. Í landnámu er ekki getið um neinn sérstakan landnámsmann á Skagaströnd, en hins vegar eru margar sögur af Þórdísi spákonu, sem uppi var á seinni hluta 10. aldar og bjó á Felli. Um Þórdísi leikur nokkur ævintýrafrljómi, hún var var talin fjölkunnug mjög og ráðrikur héraðshöfðingi.

**Skagaströnd er forn verslunarstaður**  
Fyrstu heimildir um verslun á Skagaströnd eru frá 1586 en líklegt er að þá hafi verslunarrekstur verið búinn að standa um nokkurt skeið. Með tilkomu einokunarverslunarinnar 1602 var Skagaströnd gerð að lögboðinni verslunarhöfn. Lengi framan af var talað um að versla í Höfða og staðurinn því nefndur Höfðakaupstaður en líklegt er að slík nöfn hafi verið dönskum kaupmönnum óþjál í munni og því hafi þeir nefnt staðinn Skagaströnd eftir strandlengjunni á vestanverðum Skaga. Byggð tók að myndast um verslunina á seinni hluta 18. aldar. Þótt í smáu væri en um miðja 19. öld fjölgaði húsum nokkuð þegar saltfiskverkun hófst og fiskur varð að útflutningsvöru. Þéttbýli fór þó ekki

af myndast á Skagaströnd fyrr en upp úr aldamótunum á eftir, einkum voru það breytingar á útgerð og fiskverkun sem gerðu það að verkum að fólk tók sér búsetu í þéttbýlinu. Þegar síldveiði brást kom jafnframt niðursveifla í þróun byggðarinnar og í íbúafjölda. Seint á sjöunda áratugnum hófst útgerð togskipa og hefur togaraútgerð verið ein meginundirstaða atvinnulífsins á staðnum síðan.

Spákonufell er eitt svipmesta fjallið á Skaganum vestanverðum. Fellið er 646 metrar á hæð og efst er þverhnipt hamrabelti úr grágrýti sem kallast Spákonufellsborg, í daglegu tali nefnt Borgarhaus. Fyrir þá er hyggjast ganga á fjallið er bent á að fara upp að norðanverðu, er sú leið talin auðveldust og og ætti að vera flestum fær. Sagnir herma að Þórdís spákona sem fellið er kennt við hafi falið gull sitt í því. Spákonufellshöfði var friðlýstur fólkvangur árið 1980. Hann er úr stórgerðu stuðlabergsbasalti, líklega gamall gostappi.

**Kálfshamarsvík, þorp í upphafi aldar**  
Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri, segir að þeir sem komi til Skagastrandar megi ekki láta hjá líða að skoða Kálfshamarsvík sem er 23 kílómetra fyrir norðan Skagaströnd en í Kálfshamarsnesi myndaðist fyrsti Spákonufellshöfði og hins vegar á Þorpið var nefnt Kálfshamarsvík eftir samnefndri vík. Það varð aldrei fjölmennt, rétt um 100 manns þegar flest var á árunum 1920-1930. Byggðinni hnignaði hratt upp úr 1930 og um

1940 höfðu flestir íbúarnir flust burtu af staðnum. Skýringin á myndun þessa þorps í Kálfshamarsvík á sínum tíma var hversu góð hafnaraðstaða var þar frá náttúrunnar hendi. Þetta var á þeim tíma þegar vélbátar voru að taka við af árabátum. Þaðan var sótt af þessum smábátum en tiltölulega stutt á fiskimiðin og fiskurinn saltaður í landi. Einkum var róið frá Kálfshamarsvík að sumarlagi og fram undir jól en þá var algengt að karlar héldu til Suðurnesja á vertíð. Í Kálfshamarsvík hafa húsarústir verið merktar með nöfnum húsanna sem þar stóðu ásamt nöfnum ábúenda. Einnig hefur verið sett upp auglýsingaskilti fyrir ferðamenn. Á nesinu stendur Kálfshamarsvíkurviti, en hann var teiknaður af Guðjóni Samuelsen. Í Kálfshamarsvík er einstök stuðlabergsmýndun sem gleður auga ferðamanna, ekki síður að kynnst þeirri byggð sem þarna var og fræðast um sögu staðarins.

**Spákonufell, veiðilundur og kántrý**  
Sveitarstjórinn Magnús er innur eftir hvað standi gestum Skagastrandar helst til boða og svarar að ekki síst sé bent á tvær göngur gönguleiðir, enda vilji margir ganga um og sjá, ekki bara aka um. „Annars vegar er það gönguleið á Spákonufellshöfða og hins vegar á Spákonufell, en á heimasíðu sveitarinnar hefur átt sé sér vaggga lýsingu á gönguleiðum. Nokkur veiði er í nágrenninu, á Skagaheiðinni þar sem eru fjölmörg vötn en veiðileyfi



er ekki dýr, kosta sum ekkert en það þykir almenn kurteini hér að biðja um veiðileyfi. Veiðin er auðvitað misjöfn og fiskurinn sem menn fá mistór, en í einhverjum vötnunum er hann fremur smár, og þar þyrfti auðvitað að grísa svo sá fiskur sem eftir lifir hafi meiri vaxtamöguleika, sem auðvitað gleður veiðimanninn.

**Listamiðstöð Skagastrandar**  
Á Skagaströnd er rekin listamiðstöð þar sem listamenn geta komið að starfa að list sinni. Hún er ekki opin fyrir ferðamenn en það er ekki bundið við heimamenn að fá að starfa þar í um mánaðartíma. Allflestir þeir listamenn sem þarna starfa koma erlendis frá, margir þeirra ferðast um heiminn og vinna að list sinni. Þeir listamenn sem þarna starfa hafa því margir hverjir kynnst vel íbúum Skagastrandar, menningunni og notið náttúrunnar. M.a. hefur verið gerð risavaxinn andlitsmynd sem þrýðir einn veggja orðs, heldur heimili sem komið er inn í. Ekki má gleyma Kántrýbæ sem býður upp á frábæran matseðil en á síðustu árum hefur fjöldi ferðamanna á Skagaströnd aukist, ekki síst fyrir þá sérstöðu sem staðurinn hefur átt síðustu ár sem vaggga kántrýtónlistar hérlendis.

Einnig er hér kaffihús sem heitir „Kaffi Bjarmanes“ og er rekið af

Áslaugu Ottósdóttur, en kaffihúsið er í uppgærdi gömlu skólalúsnæði á sjávarbakkannum í fallegu og notarlegu umhverfi. Þar er hægt að sitja úti á bekkjum og horfa yfir fjörðinn, yfir Skagastrandarhöfn eða á líflegt fuglalíf á sjónum.”

Á Skagaströnd er rekin listamiðstöð þar sem listamenn geta komið að starfa að list sinni. Hún er ekki opin fyrir ferðamenn en það er ekki bundið við heimamenn að fá að starfa þar í um mánaðartíma. Allflestir þeir listamenn sem þarna starfa koma erlendis frá, margir þeirra ferðast um heiminn og vinna að list sinni. Þeir listamenn sem þarna starfa hafa því margir hverjir kynnst vel íbúum Skagastrandar, menningunni og notið náttúrunnar. M.a. hefur verið gerð risavaxinn andlitsmynd sem þrýðir einn veggja orðs, heldur heimili sem komið er inn í. Ekki má gleyma Kántrýbæ sem býður upp á frábæran matseðil en á síðustu árum hefur fjöldi ferðamanna á Skagaströnd aukist, ekki síst fyrir þá sérstöðu sem staðurinn hefur átt síðustu ár sem vaggga kántrýtónlistar hérlendis.

Einnig er hér kaffihús sem heitir „Kaffi Bjarmanes“ og er rekið af



» Nú einnig á frönsku og þýsku

# Icelandic Times

Icelandic Times er tímarit um ferðaþjónustu á Íslandi ætlað erlendum ferðamönnum. Það hóf göngu sína árið 2009 og er gefið út annan hvern mánuð í nánu samstarfi við erlendar ferðaskrifstofur. Hingað til hefur tímaritið aðeins komið út á ensku og hefur verið ákaflega vel tekið af þeim ferðamönnum sem hingað koma. Einnig hefur erlendum ferðaskrifstofum þótt fengur að því, þar sem það hefur að geyma yfirgripsmiklar upplýsingar um íslenska ferðaþjónustu á hverjum tíma. Auk ensku útgáfunar er tímaritið gefið út á frönsku og þýsku undir vökulum augum þeirra Dagmar Trodler (þýska) og Delphine Briois. (franska)

Icelandic Times er dreift á erlendar ferðaskrifstofur og í flugvélum til þess að auðvelda þeim sem eru á leið til Íslands að skipuleggja ferðalag sitt um landið. Auk þess er Icelandic Times dreift í stórum upplögum hér innanlands, til upplýsingamiðstöðva, aðila í ferðaþjónustunni, bensín- og þjónustustöðva, hótela og veitingastaða. Næsta tölublað Icelandic Times er nú í vinnslu og kemur út í kringum mánaðarmótin ágúst/september. Þar verður gerð ítarleg grein fyrir því sem stendur ferðalangnum til boða, bæði hvað varðar ferðaþjónustu og menningarlíf.

Auk prentmiðla framleiðir Icelandic Times kynningar-myndbönd fyrir ferðaþjónustuna og menningargeirann. Nú þegar hafa verið framleiddar um 70 kynningar sem eru aðgengilegar öllum á vef Icelandic Times. Þar má einnig finna vefútgáfur af þeim prentmiðlum

sem fyrirtækið gefur út. Heimsóknir á vefi okkar skipta orðið milljónum og má segja að Icelandic Times sé að verða helstu upplýsingaveita ferðamannanna um möguleikana sem Ísland hefur upp á að bjóða.



Dagmar Trodler rithöfundur, þýðir alla texta þýsku útgáfunnar og skrifar og Delphine Briois leiðir frönsku útgáfunna, þýðir texta og skrifar.

**Dagmar Trodler**  
Dagmar Trodler kom til Íslands fyrir fjórum árum. Hún er rithöfundur og áhugi hennar á sögu, skandinavískum fræðum og hestum var kveikjan að því að hún kom til Íslands.



Delphine Briois leiðir frönsku útgáfunna, þýðir texta og skrifar.

Dagmar fæddist árið 1965 í Duren í Rínarlöndum. Að skyldunámi lokuð lærði hún hjúkrun en meðan hún var læringur á spítala kynnti hún sögu, listasögu, guðfræði, skandinavísk fræði og fleira sem vakti áhuga hennar. Hestamennska var og er henni ástríða og hún skrifaði um hesta í þýsk blöð á þessum árum.

Varðandi útgáfu Icelandic Times á þýsku segir hún það skemmtilegt og ógrandi verkfni að kynna ferðamönnum möguleikana sem Ísland býður.

**Delphine Briois**  
Delphine lauk námi viðskiptafræðum og stjórnum og framhaldsmenntun í birgðastjórnun.

Delphine hefur gaman af að ferðast og í gegnum árin hefur hún ásamt kærasta sínum nýtt hvert tækifæri til þess. Árið 2005 tóku þau þá ákvörðun að heimsækja Ísland og má segja að sú ferð hafi dregið dilk á eftir sér en í kjölfarið hafa þau sest hér að.

Ferðalögnum hefur þó ekkert fækkað en nú heimsækja þau skötuþjúginn hvern krók og kima Íslands, hvenær sem tækifæri gefst. Ferðalög Delphine hafa sannarlega borgað sig því núna skrifar hún um íslensk ferðaþjónustufyrirtæki og náttúruperlur í tímaritið Icelandic Times. Hún þekkir vel þarfir ferðamanna og veit hvaða upplýsingar koma þeim best. Auk þess hefur hún kynnt tímaritið fjörtíu stærstu ferðaskrifstofum Frakklands og bent þeim á franska útgáfu blaðsins á [www.icelandictimes.com](http://www.icelandictimes.com).



# Tröllaskaginn

Margir aka hringveginn, jafnvel árlega, njóta þess að koma við á sögufrægum stöðum og þéttbýlisstöðum og njóta í leið auðvitað náttúrunnar sem er afar margbreytileg. En það er líka hægt að leggja lykku á leiðina á þessum akstri, m.a. þegar komið er á Blönduós eftir að hafa ekið um Húnavatssýsluna. Eftir að vegur var lagður um Þverárhlíð opnast möguleiki að aka hann til Sauðárkróks, þaðan til Hofsóss þar sem m.a. má fá sér sundsprett í einnu fallegustu sundlaug lands sem gefir var sveitarfélaginu af Ingibjörgu Pálmadóttur. Þegar synt er til norðurs í lauginni blasir Skagafjörður og Drangey við og það er rétt eins og Skagafjörðurinn taki við á nyrðri bakka laugarinnar. Þaðan liggur leiðin um Fljótin til Siglufjarðar en sveitarfélagið hefur jarðgöng í „báða enda.“ Strákagöng og Héðinsfjarðargöng, og síðan um nýjan veg um Héðinsfjörð og jarðgöng til Ólafsfjarðar, ekið um Ólafsfjarðarmúla þar sem útýni yfir Eyjafjörð og Hrísey er frábært, komið til Dalvíkur og þaðan til Akureyrar. Þessi leið er um 220 km löng en ef farið er um Langadal í Varmahlíð um Öxnadal til Akureyrar er leiðin 144 km, svo mismunurinn er ekki nema um 75 km eða um klukkutíma akstur, og þarna er hægt að njóta alls þess sem þetta landsvæði hefur upp á að bjóða, þarna eru mörg söfn, stórkostleg náttúra og enginn þarf að verða svangur, fjöldi veitingastaða stendur ferðalanginum til boða.

**Síldarminjasafn og Þjóðlagasetur** Sveitarfélagið Fjallabyggð varð til við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar árið 2006. Í Fjallabyggð búa um 2000 manns. Héðinsfjarðargöng tengja saman þessi tvö byggðarlög, en þau voru vígð 2. október 2010. Fyrir ferðamenn og útivistarfólk er margt skemmtilegt að skoða og gera í Fjallabyggð. Á veturna er staðurinn skíðaparadís og draumur útivistarmannsins. Hægt er að fara á svigskíði, gönguskíði, skauta, þeytast um á snjósléða eða dorga í Ólafsfjarðarvatni. Á sumrin eru það fjöllin, vatnið og svört sandfjaran sem heilla. Í stórbrotnu landslagi Fjallabyggðar má finna fjölbreyttar gönguleiðir um fjöll og dali og njóta einstaks útsýnis í kyrrð og ró. Afþreyingarmöguleikar eru nánast ótæmandi. Í Fjallabyggð er boðið er upp á sjóstöng og auk þess er hægt að stunda stangveiðir í Ólafsfjarðará, í Ólafsfjarðarvatni, í Héðinsfirði, og í Hólá á Siglufirði. Svo má ekki gleyma því að hægt er að veiða á bryggjum bæjanna. Síldarminjasafnið er á Siglufirði, en það er stærsta sjómínja- og iðnaðarsafn landsins, jafnvel í allri Evrópu. Í þremur öflukum húsum er hægt að kynna sér síldveiðar og vinnslu á silfri hafinsins. Á Siglufirði er einnig Þjóðlagasetur

og í Ólafsfirði er glæsilegt náttúr- gripasafn með fjölda uppstoppaðra fugla.

**Bakkabræðasýning á Dalvík**

Um Dalvík má ekki fara án þess að skoða safn um þann merka Svarfðæling, Jóhann rísa sem er í Hvoli, aka um Svarfðardal og Skíðadal, og fyrir göngufólk er hægt

þess fullvissir að það var á Bakka í Svarfðardal. Þessa dagana er verið að koma um safni til minningar um Bakkabræður í Siggabúð á Dalvík, verslun sem rekin var á Dalvík fyrir margt löngu en er enn með gömlu innréttingunum. Sýningin verður einnig í Ungmennafélagshúsinu þar við hliðina yfir sumartímann, en á vet-

Það má því segja að við rekum fjölbreytilegt farfuglaheimili. Við höfum fengið góðar viðtökur hingingar um og erum mjög ánægð með að hvernig gengið hefur í ár.“ Svo má auðvitað ekki gleyma að um aðra helgi ágústmánaðar er haldinn „Fiskidagurinn mikli“ á Dalvík þar sem gestum og gangandi er boðið upp á fjölmarga fiskrétti, þeim

er að þetta er eyja umlukt hafinu á allar hliðar og svo er er hún lífrænt vottuð,” segir Michael Jón Clarke tónlistarkennari á Akureyri sem á bústað í Hrísey og ver þar mörgum stundum. „Það er einhver dásamleg orka þarna, HríSORka, svo mikil kyrrð og ró sem ég finn ekki annars staðar. Fuglalífíð þarna er alveg frábært, þrestir éta úr lófa manns, garðurinn er oft fullur af fuglum af mörgum tegundum, enda eru engir kettir í Hrísey. Kríuvarpið á norðurhluta eyjunnar er mikil og er aftur að aukast eftir að sandsflastofnunn fór að braggast. Svo vappar rjúpan þarna um götur alls óhrædd enda bannað er að veiða hana. Fjallasýn er þarna mikil, bæði yfir á Látraströnd og á Tröllaskaga. En auðvitað er þarna hafgola oftast síðdegis sem getur veitð nöpur, en það gerir bara ekkert til, annað er svo ómótstæðilegt. Í Hrísey er góð sundlaug og svo auðvitað Júlíabúð sem er með allt sem þú þarft, og kannski rúmlega það,” segir Michael Jón Clarke.

**Hvalaskoðun frá Hauganesi**

Hjalteyri er smábyggð norðan við Akureyri á Galmaströnd í Eyjafirði. Í dag starfar þar Fiskeldi Eyjafjarðar sem sérhæfir sig í lúðueldi. Þarna eru leyfar gamallar síldarverksmiðju, en Verksmiðjan er einmitt nafn á listamannasetri nokkurra listamanna, þar af eru 9 búsettir í Arnarneshreppi, sem hafa gert með sér samkomulag um að standa fyrir menningarviðburðum og bjóða upp á vinnuádstöðu í gömlu Verksmiðjunni á Hjalteyri. Norðmenn hófu síldarsöltun á Hjalteyri um 1880, Svíar, Þjóðverjar og Skotar bættust í hópinn og upp byggðist sjávarpláss með mörgum þorsk- og síldveiðiskípum. Þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út 1914 hurfu útlendingarnir á brott og Thor Jensen athafnamaður, sem tekið hafði Hjalteyri á leigu ári áður byggði upp síldarvinnslu. Árið 1937 var byggð stór síldarverksmiðja við Hjalteyri, sú stærsta í Evrópu. Þtír því sem leið á 20. öldina dró úr umsvifum Thorsaranna og eftir að síldarresturinn var á sjöunda áratugnum var síldarverksmiðjunni lokað 1966.

Það er vel þess virði að koma við á Hauganesi, í litlu þorpi á Árskógsströnd. Þar starfar afar merkilegt sjávarútvegsfyrirtæki, Ekta fiskur, og þaðan er hægt að fara í hvalaskoðunaférfé út Eyjafjörð, norður fyrir Hrólfssker, ef þannig viðrar, en hvalurinn lætur oft sjá sig þar og út með Látraströnd. Við þjóðveginn fyrir ofan Hauganes er Stærta-Árskógskirkja, afar merkilegt sveitarkirkja, og á því svæði er eitt gjöfulasta berjasvæði landsins ásamt Svarfðardal.

Það er því gríðarlega margt að skoða og njóta þegar ekið er um og kringum Tröllaskagann.



Siglufjörður á hápunkti síldarævintýrisins, sumarið 1946. Ljósmyndari: Jónas Hallgrímsson, Akureyri.

» Síldarsöltun er hluti af atvinnusögu Íslendinga sem enginn má fara á mis við

# Síldarævintýrið á Siglufirði um verslunarmannahelgina

Síldarævintýrið á Siglufirði verður í ár dagana 1.-5. ágúst, þ.e. um verslunarmannahelgina. Síldarævintýrið hefur skipað sér sess sem menningarleg fjölskylduhátíð sem byggir að miklu á listamönnum úr heimabyggð. Líkt og undanfarin ár hefst undanfari hátíðarinnar, Síldardagar, viku fyrr, eða föstudaginn 26. júlí

og verða í gangi alveg þar til hátíðin hefst. Þegar Síldarævintýrið stendur sem hæst er síld söltuð á Siglufirði meðan Róaldsbrakka líkt og gert var allt fram undir árið 1968, þegar ofveiði á henni olli algjörum aflabresti. Vinnubrögðin eru þau sömu og áður tíðkuðust, síldin er hauskorin og slógdregin og söltuð ofan í

tunnur. Þessi vinnubrögð gleymast ekki, elstu konurnar sem salta í dag voru vikir þátttakendur í síldveiðum og vinnslu sem stóð allt fram á sjöunda áratug síðustu aldar, og rétt handbrögð við síldarsöltun hafa verið kennd yngri konum. Þessi handbrögð gleymast því ekki. Siglufirðingurinn Hörður Júlíusson var ekki gamall þegar saltað var á fjölmörgum plönum á Siglufirði en segir handbrögðin svipuð og þá, beðið um salt, hringi á tunnurnar, taka tunnur og síðan er það hlutverk beykisins að stúfa tunnunum, slá tunnurnar til og þækla. Vatnsrennan er enn til staðar, en þegar mest var að gera fyrrum safnaðist slógið og hausarnir í rennuna sem síðan rann í þró, þar var sjórinnsíðaður gegnum trégrind og það var þessum afgangi ekið til bræðslu. Malbikaðar eða steyptar götur voru ekki margar á þessum tíma, en það



Sigurjón Jóhannsson, síldarmálari.

sem hraut af vörubíflunum á malar-götunum var hið besta rykbindiefni, aldrei var þörf að rykbinda götunarnar á síldararunum á Siglufirði þó aldrei kæmi dropi úr lofti.

Kristján Möller, þingmaður man vel eftir þessum árum, en sem gutti fékk hann fyrst vinnu hjá Skafta Stefánssyni á Nöf við vatnsrennuna sem skilaði slorinu í þró. Mamma hans og systur unnu þar líka. Nöf var beint niður af Síldarminjasafninu sem komið hefur verið á fót á Siglufirði af miklum myndarskap. Safnið hefur vakið athygli beði Íslendinga sem erlendir ferðamanna sem fá þá góða innýn í atvinnusöguna. „Eftir síldarsöltun upp á gamla mátan er síðan landlega eins og þær gerðust bestar, ball með miklu fjöri sem er nauðsynlegur þáttur til að sýna hvernig þetta skemmtilega líf var á árunum áður. Þetta var skemmtilegt, en auðvitað einnig oft erfitt, ekki síst fyrir 10 til ára strák eins og mig, en þá var ekki verið að hafa áhyggjur af löngum vinnudegi, unnið var meðan augun héldust opin. Allir voru að draga björg í bú í þjóðarskútuna á þessum tíma,” segir Kristján Möller.

Margt fleira stendur þeim sem heimsækja Siglufjörð á þessum Síldarævintýrsdögum. Dagskrá er



Flugeldasýning: Tómas Jónsson

margþætt, þar má nefna ball með hljómsveitinni „Blek og byttur“ 27. júlí nk. í Ketilási en hljómsveitin lofar öllum bestu lögunum frá hippatímabilinu. Vegna þess er aldurstakmark 45 ár en yngri komast inn í fylgd með fullorðnum! Sama kvöld er Sálárball á Kaffi Rauðku. Um verslunarmannahelgina eru auðvitað böll, stuðboltar taka gamla slagara, sönghópurinn „Sex um borð“ kemur fram á Ráðhústorgi, en sá hópur samanstendur af heimamönnum eingöngu. Til viðbótar við fjölbreytta flóru tónlistarmanna í Fjallabyggð koma einnig fram landspekttar hljómsveitir eins og Valdimar, Kaleo, KK og Maggi Eiríks og þannig mætti lengi telja. Allir aldurshópar ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á Síldarævintýri, þá sérstaklega smáfólklið – en á svæðinu verða glæsileg leiktæki, auk þess sem Sveppi og Villi ætla að sprella með krökkunum! Það er því eitthvað við allra hæfi á Siglufirði fyrir og um verslunarmannahelgina.



Síldarsöltun á Síldarminjasafninu. Ljósmyndari: Björn Valdimarsson, Siglufirði.





» **Gistihúsið Hrafnagili**

# Gist í sveitasælunni

Gistihúsið á Hrafnagili er aðeins 12 km sunnan við Akureyri og er því hægt að njóta alls hins besta sem sveitin og bæjarlífið hefur upp á bjóða hvað varðar bæði náttúru og menningu.

Í gistihúsinu eru fimm herbergi; eitt fjögurra manna og fjögur tveggja manna. Öll herbergin eru uppabúin á íslenskan og heimilislegan máta. Gestir hafa oft orð á því hve vel þeir hvílast en það er

þeirra aðaláhersla á Hrafnagili, góð og notaleg rúm.

Morgunmat er framreiddur í eldhúsinu en hann samanstendur af glæsilegu hlaðborði. Þar má finna 2-3 tegundir af brauði, músli, hnetur, fræ, egg frá Hrafnagilshænum, reyktan lax, ýmsar mjólkurvörur og osta, grænmeti og ávexti og meira segja er hægt að útbúa sinn eigin hafragraut.

Öryggi barna er í hávegum haft og

eru öryggisliðir við stiga og rimlarúm. Skiptiborð eru á báðum hæðum auk þess sem barnastólar og barnamatarstell má finna í eldhúsi.

Gestir hafa afnot af eldhúsinu eftir að morgunverði lýkur - en hafa alltaf aðgang að kaffivélinni og geta því hellað upp á heitan drykkur og hvenær sem þá lystir. Þráðlaust internet er í öllu húsinu og þvottahúsið er opið gestum. Verðnd með kolagrilli og sólhúsgögnum eru

til afnota fyrir gesti á löngum sumar dögum.

Eigendur gistihússins eru með hefðbundinn búskap og bjóða áhugasömum gestum að fylgjast með þeim við störfin. Gaman er að kynna dýrunum á staðnum; kúm, hestum, kindum, hænum, hundum og ketti.

Gistihúsið á Hrafnagili er mjög miðsvæðis innan sveitar hvað af þreyingu varðar, um 400m eru í sundlaug Hrafnagilsskóla, 600m í Jólagarðinn og stutt í grænmetisveitingastaðinn Silva. Um 7-8 km eru á golfvöll við Þverá

og hestleiguna Kát, Kaffi Kú og Holtels-ísgerðina einnig er gaman að heimsækja Smámunasafnið sem er aðeins lengra frá.

Gestir geta andað að sér sveitasælunni við Eyjafjarðará innan um fjöllin, þar sem Kerling (1538m) hæsta fjallið í Eyjafirði blasir ofan við bæinn. Akureyri býður upp á ótal möguleika hvort sem fólk vill njóta náttúrunnar, fara á söfnin í bænum, kíkja í verslanir eða fara á kaffi- og veitingahús bæjarins.

[www.heimasiða.is](http://www.heimasiða.is) -AA



» **Ytra Laugaland**

# Gistiheimilið sem gleður sálina

Í óspilltum dal Eyjafjarðar, um 12 km frá Akureyri, hefur bærinn á Ytra Laugalandi opnað dyr sínar fjölskyldum og öðrum ferðalögum síðastliðin sex ár. Bærinn sjálfur var byggður árið 1927, og hafa núverandi eigendur þau Óttar og Vilborg haldið honum vel við, enda bæði snyrtilegur og fallegur á að líta.

Á gistiheimilinu er boðið upp á stór og þægileg herbergi - eitt ætlað fjölskyldu en að auki eru þrjú tveggja manna svefnherbergi. Herbergjunum fylgja baðherbergi og státar eitt þeirra af notalegu nuddbaðkari, upplögðu að slaka á í fetir langa útiveru. Heilsudýnur eru í rúmunum og vakna gestir

því endurnærðir og tilbúnir að byrja daginn á heilnæmum morgunverði sem uppá er boðið. Eldunaraðstaða er á staðnum ef vill, stutt er í veitingahús sem selur heilsufæði og sundlaug er einnig skammt frá. Fyrir þá sem sækjast eftir sjónvarpsáhorfi og nettengingu má slíkt finna í setustofu

gistiheimilisins en annars er upplagt að njóta þessa fallega staðar í Eyjafirðinum til hins ýtrasta og tölta út í náttúruna. Dvöl á Gistiheimili Ytra Laugalands gerir gesti endurnærða á sál og líkama, verið velkomin!

[www.ytra-laugaland.net](http://www.ytra-laugaland.net) -SP

» **Hnúfubakar, hrefna, höfrungar, hnísur og andanefjur**

# Ambassador á Akureyri

Það að fara í hvalaskoðunarferð með hvalaskoðunarbatnum „Ambassador“ horfa á Akureyri frá Eyjafirðinum þegar siglt er út fjörðinn, bær sem er fullur af gömlum og sögufrægum húsum, er einfaldlega töfrandi. Á Eyjafirði og fyrir mynni Eyjafjarðar, úti á Grimseyjarsundi, er mikið af hvölum, og gagnstætt mörgum öðrum landshlutum býður hafið fyrir Norðurlandi yfirleitt upp á mun fleiri hvalategundir. Á Eyjafirði halda sig oft margir hnúfubakar, þar er höfrungar, hrefnur og hnísur og stundum má sjá þar, ef heppnin er með, andanefjur. Steypireyður kemur hér stundum. Hvalirnir eru

oft forvitnir, rétt eins og mannfólk sem komið er til að sjá þá, margir leika sér í hafinu, jafnvel stökkva, aðrir eru varkárari, og fylgjast jafnvel með bátnum úr hæfilegri fjárlægð. Aðrir eru hugaðri, koma jafnvel langleiðina að borðstoknum og skoða fólk. Þegar síld, síli, loðna eða kolmunni gengur inn Eyjafjörð fylgja oft hvalir með í ætileit.

[www.ambassador.is](http://www.ambassador.is) -GG





## EYFAR/ ferjan Sævar

Til Hríseyjar gengur ferjan Sævar, á einnar til tveggja stunda fresti (sjá áætlun Sævars 1.mars - 31.október) frá Árskógssandi. Siglingin tekur aðeins um 15 mínútur og er enginn svikinn af ævintýraheimi eyjunnar sem við blasir. Komdu í heimsókn í þessa einstöku náttúruperlu þar sem skemmtilegt mannlíf, gönguleiðir og óteljandi fjárlægundir er upplifun engri lík.

<p><i>Frá Hrísey</i></p> <p>07.00 09.00 11.00 13.00 15.00 17.00 19.00 21.00 23.00*</p>	<p><i>Frá Árskógssandi</i></p> <p>07.20 09.30 11.30 13.30 15.30 17.30 19.30 21.30 23.30*</p>	<p><i>Panta þarf fyrstu ferð kl. 07:00 á laugardögum og 09:00 á sunnudögum allt árið. Ath. ekki er boðið upp á morgunferð kl. 7:00 á sunnudögum eða öðrum rauðum dögum.</i></p> <p><i>Upphringiferðir kosta kr. 1.400 pr. mann</i></p> <p><i>Síminn í Sævari er 695 5544 og frekari upplýsingar má finna á vefsíðunni: <a href="http://www.hrisey.net">www.hrisey.net</a></i></p>
--	--	---

\*Gildir 1. júní - 31. ágúst

## Njótíð ferðarinnar!

🏠 Austurvegur 3 • 630 Hrísey | ☎ +354 466 3544 | 🌐 [www.hrisey.net](http://www.hrisey.net)



## Brekkja veitingastaður

Veitingahúsið Brekka í Hrísey hefur verið rekið í yfir 30 ár, sem gerir það að elsta steikhúsi á Íslandi. Á boðstólum er eitthvað fyrir alla, stórar steikur, glænýr fiskur úr Eyjafirðinum, hamburgarar, pizzur, salöt, ís, kaffi, kakó, og heimabakaðar kökur svo eitthvað sé nefnt.


Brekka er einnig gistihús með gistiþáttum fyrir 8 fullorðna, bæði sumar og vetur. Aðstoðað er við að setja upp og skipuleggja brúðkaup, ættarmót eða annan mannfagnað.

Opið daglega 15.mai-31.ágúst frá klukkan 11:30.  
Utan þess tíma er tekið við höppöntunum og fyrirspurnum svarað.

## Verið velkomin!

🏠 Norðurvegi 37 • 630 Hrísey | ☎ +354 466 1751 | 🌐 [www.brekkahrisey.is](http://www.brekkahrisey.is)





Fálki í leit að æti



Jaðraka í votlendinu



Æðarfuglarnir í Hrísey



Kvenkyns rjúpa liggur á eggjum



Karkyns rjúpa að vorlagi

Fálki hefur sig til flugs

» Þar sem fánan er hvað fjölbreyttust

## Fuglarnir í Hrísey

Hrísey er þekkt fyrir mikið og fjölbreytt fuglalíf. Þar er stórt krúvarp, æðarvarp og auk þess verpa þar margar endur og mófuglar. Um 40 tegundir fugla verpa í einni. Hrísey er þó kunnust fyrir rjúpunna.

### Rjúpan í Hrísey

Rjúpan er sannkallaður einkennisfugl Hríseyjar og þrýðir hún skjaldarmerki eyjarinnar. Rjúpan er spök, einkum á haustin er hún vappar í flokkum um götur og garða í eyinni. Rannsóknir á rjúpum hafa verið stundaðar í Hrísey í 50 ár. Rjúpustofninn sveiflast og er hámark og lágmark um það bil á 10 ára fresti. Stærð varpstofnsins er metin snemma á vorin, þá eru karlfuglarnir (karrarnir) taldir þar sem þeir hreykja sér á mishæðir í óðali sínu og verja gegn öðrum körrum. Slær þá oft í brýnu milli karranna með tilheyrandi fjaðrafoki og rophljóðum. Karrarnir eru hvítir mun lengur en kerlurnar, skipta yfir í felubúning sumarsins allt að mánuði seinna en þær.

Munurinn getur verið allt að tífaldur milli hámarks og lágmarksára rjúpunnar, karrarnir hafa fæstir verið 30 en flestir

270. Hríseyingurinn Þorsteinn Þorsteinsson (Steini rjúpa) hefur tekið þátt í rannsóknunum frá upphafi.

Rjúpunar verpa um alla ey, meira að segja í húsagörðum Hríseyinga. Þær halda til allt árið í eyinni og er stofninn stærstur síðsumars og á haustin, þegar ungarnir eru orðnir fleygir. Þá heldur rjúpan sig í hópum. Eini náttúrulegi óvinur rjúpunnar í Hrísey er fálkinn, enda nægtaborð fyrir hann í eyinni. Á varptíma sækja nálægir varpfuglar frá meginlandinu í eyna eftir rjúpum, en á veturna halda oft fáeinir fálkar til í Hrísey.

### Fjölbreytt fuglalíf

Fánan í Hrísey er fjölbreytt og þar verpa nærri 40 fuglategundir. Krúvarpið í Hrísey er talið eitt hið stærsta á landinu og telur það þúsundir fugla. Stórt æðarvarp er í Ystabæjarlandi, norðan til í Hrísey. Landið er í einkaeign. Jaðrakan og stormmáfur eru meðal athyglisverðra varpfugla í eyinni.

Helstu ástæður fyrir þessu óvenjulega mikla fuglalífi eru að allt fugladráp og eggjataka er bönnuð í eyinni og þar finnast ekki refir, minkar, mýs eða rottur. Kjöræðstæður

eru fyrir fjölmargar fuglategundir vegna lágvaxinna lyngmóa sem klæða eyna og mikils ætis fyrir sjófugla eins og krúu, fýl, hettumáf, stormmáf og fleiri máfategundir, svo og teistu, allt varpfugla í Hrísey.

Votlendi er aðeins um 4% af Hrísey en er engu að síður fjölskrúðugt og er mikilvægt fyrir fugla í einni eins og buslendur, stokk-önd, urtönd og rauðhöfða og vaðfugla líkt og jaðrakan, stelk og hrossagauk. Grágæs sækir meira í þurrlendið til beitar. Heiðagæs hefur orpið á norðurhluta eyjarinnar, en óvanalegt er að þessi hálendisfugl verpi svo nærri sjó.

### Landbreytingar

Helstu ógnir sem stöðja að fuglalífi eyjarinnar nú eru gróðurbreytingar. Mikill uppblástur var á norðurhluta eyjarinnar og var lúpinu plantað til að hefta hann. Það tókst, en lúpinan hefur síðan breiðst út suður um eyju og í kjölfar hennar komu aðrar stórvaxnar jurtir, ætihvönn og spánarkerfill. Nú er átak í gangi hjá Umhverfisnefnd Akureyrar til að vinna á þessum jurtum og fróðlegt verður að sjá hvernig það mun heppnast.

Eins hafa menn ræktað skóg í eyinni, m.a. til að veita byggðinni skjól. Enn sem komið er, er þéttasta rjúpuvarpið í kringum skógar-teigana og jafnvel í hvönninni. En hvernig verður staðan eftir 50 ár? Mófuglum mun fækka, en eftir verða fuglar sem geta nýtt sér skóginn. Vætanlega mun rjúpan einnig láta undan síga, því kjörlendi rjúpunnar eru lyngheiðar og opið land.

### Fuglaskoðun í Hrísey

Það er skemmtilega öðruvísi að sigla með Sævari út í Hrísey og fá sér góðan göngutúr og skoða fugla. Sævar siglir á tveggja tíma fresti á sumrin, en sjaldnar á veturna. Einnig er spennandi að gista í eyinni, annað hvort á gistiheimilunum Jóhnatanhúsi, Mínukoti, Brekku eða tjaldstæðinu. Þrjár merktar gönguleiðir eru á suðureynni. Fuglalífi í Hrísey er gerð góð skil á mörgum skiltum sem eru við gönguleiðirnar. Fuglaskoðunarhúsi hefur verið komið fyrir við svokallaða Lambhagatjörn og má sjá þar margar tegundir af öndum og vaðfuglum. Tjörnin er vinstra megin þegar gengið er í áttina að Ystabæ eða hægra megin ef gegnið er í áttina að Einangrunarstöðinni.

Gleðilega fuglaskoðun!